

# HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, 1905.

NR. 8—9.

## Bréf frá St. G. Stephanssyni,

Í tilefni af vígslu Unitara-kyrkjunnar Íslenzku í Winnipeg.

*Herra Fredric Swanson,*

ritari Fyrstu Unitara-kyrkjunnar í Winnipeg.

Góði vit—: Berið alúðar-þökk konu minnar og mín sjálf til forstöðumanna Fyrstu Unitara-kyrkjunnar í Winnipeg fyrir vinar-boðið til vígslu kyrkjunnar ykkar nýju. Við sjáum eftir að hafa ekki getað þegið það. Þess varnaði okkur vegalengdin. Járnvel boðsbréfið barst okkur of seint, til þess að þessar línur gætu náð til Winnipeg fyrir vígsludaginn, eins og póstgöngum hagar hér enn.

Megi ykkur auðnast að vígja saman sannleikann og kyrkjuna!

Þá rannsókn sem véfengir villutrú manna  
—er venjur og guðsorð oss hótandi banna—;  
það andlega frjálslýndi, á annara böndum  
í óþökk sem losar, með sármeiddum höndum;  
þá lífsvon, sem felst ei í góðverka-gjöldum  
en í göfugleik meiri hjá komandi öldum;  
þá öruggu vissu, að vaxandi breiði  
sig vízka og dygd yfir guðanna leiði;  
þá staðföstu huggun, að hugsjónin geymist  
í hárvissri framsókn, þó maðurinn gleymist—:  
Eg bar þetta með mér, á brimsjó og landi,  
eg bjargaði fé því af sérhverju strandi.  
Og vel sé þér almenni og einstaklings hyggja,  
sem yfir þau sannindi húsnæði byggja!

Virðingarfylst,

*Stephan G. Stephansson.*

Markerville, Alta. 15. okt. 1905.

## „Kristin að hálfu leyti.“

Nú eru Aldamót, sem um nokkur undanfarin ár voru aðal-  
málgagn lúterska kyrkjufélagsins íslenzka, hætt að koma út.  
Aftur hefir byrjað að koma út annað rit, er fyllir sæti Alda-  
mótanna að öllu leyti, að því undanteknu, að það flytur enga  
ritdóma um bækur er út koma á árinu. Þar eru engin „Lindi-  
tré“ og engir „undir trjánnum“. Engin index librorum prohibi-  
torum. Í stað þess er þingbók kyrkjufélagsins.

Þetta nýja rit heitir „Áramót“ og er það tröðfult af fyrir-  
lesturum, prédikunum og fundagjörðum kyrkjuþingsins.

Ekki hefir Heimi verið sent rit þetta, en fyrir góð orð og  
betaling hefir hann komist yfir eitt eintak. Þar sem það er  
hans réttmæt eign, langar hann til að athuga það og fara um  
það nokkrum orðum, að eins þetta eina eintak.

Aðal kjarni ritsins eru tvær ritgjörðir. „Hinir höltu“,  
ræða eftir séra Fr. J. Bergmann, og „Helgi magri“ fyrirlestur  
eftir séra Jón Bjarnason.

Auk þess er „Þingbók kyrkjufélagsins“ í engu frábrugðin  
venjulegum íslenskum fundagjörðum, og „Merkjalínur“ fyrir-  
lestur eftir séra Níels S. Þorláksson, óendanlega langt rugl og  
leiðinlegt, út af hærrikritíkar deilunum og fleiru. Oss finnst  
allur hugsanagangur fyrirlestursins vera líkastur viðvaningi sem  
læra er að draga til stafs. Hann rissar út alt blaðið með ein-  
tómum „línnum“ áður en hann kemur nokkrum læsilegum staf  
á spáziuna.

Þá eru hinar tvær ritgjörðirnar. Fyrirlestur séra Jóns,  
„Helgi magri“ gengur allur út á það, að sanna mönnum að  
þjóð vor sé naumast hálf-kristin. Telur hann  
þar margt til sönnunar því, svo sem ýmsar blaðagreinar, sem  
birzt hafa á árinu í íslenzku blöðunum, ýmsar bækur, er út  
hafa komið síðan um aldamót, og síðast fyrirhyggju þá, sem  
þjóðin og helstu menn hennar hafa sýnt í því, að reyna að  
bjarga sér, koma verzlun og fjármálum landsins í betra horf,  
og nota ýmsar vísindalegar uppgötvanir til hagnýtingar fram-

leiðslu krafta landsins. Margt fleira er í þessum fyrirlestri, er að verður vikið síðar.

Ritgjörð séra Friðriks „Hinir höltu“ er prédikun, samin út af frásögunni í Postul. g. b. 3. kap., um halta beiningamanninn, er sat við musterisdyrnar og beiddist ölmusu af þeim sem um gengu, en sem Pétur leknaði af heltinni með krafti heilags anda.

Af sögu þessari dregur höf. þá líkingu, að halti maðurinn sé sá vantrúaði á orþódoxa vísu, musterid sé hin evangeliska kyrkja, en Pétur og Jóhannes séu prestarnir og aðrir þrenningatrúarmenn. Vantrúarmennirnir höltu eru altaf að biðja hina beininga, biðja þá að veita sér gjafir heilags anda. Þeir skriða upp að musterisdyrunum og láta oft ærið ófriðlega, ef þeim er ekkert gefið, og líka af því samvizka þeirra er óróleg. En vegna hvers samvizkan er svo óróleg lýsir höfundurinn ekki. en sjálfsgagt á að mega ráða í þið, að það sé vegna trúleysisins.

Það er ný til komið, ef orþodoxan hefir ekki frið á sér fyrir betlandi vantrúarmönnum. Hennar „andans gull“ hafa meira verið á boðstólum en svo, að lengi hafi þurft að sníkja eftir að fá þau. Sælgætinu hefir verið tróðið að náunganum jafnt í tíma sem ótíma, nauðugum sem viljugum, sjúkum sem heilbrigðum, en það hefir gengið miklu tregar út. Það er ekki nema í örfáum tilfellum að vantrúarmaðurinn svo nefndi hefir fengist til að taka við því. Og þá oftast hafa það verið menn í dauðann komnir, er ekki gátu þá ráðið því, á hvers „forlag“ þeir voru jarðsungnir eða hvað um þá væri sagt dauða. Því miður hafa þó borið við stöku tilfelli hér vestra, þar sem menn með fullu fjöri hafa lagst að sníkjuborðinu—svonefndir vantrúarmenn. En það eitt mætti um þá segja, að þeir hafa aldrei tilheyrt tölu þeirra manna, er af sannfæringu höfðuðu hleypidómum og kreddum hins forna síðs, heldur jafnan verið í andlegum skilningi vindrellur og snerlar, reglulegustu flækings hræ, er fláðrað hafa upp um hvern þann, er gefa vildi þeim spón eða bita. Á stundum hafa þeir verið meðal Unitara og þá hinn sprettinn sníkt upp á þá Pétur og Jóhannes. Það er því órétt að telja þá frekar einum flokknum en öðrum.

Trúlegt er að „vantrúarmenn“ fari friðlegar eftir þessa áminningu höf. og láti hann í friði og hans fólk og gjörast ekki of ágjarnir. Það er nokkuð kynleg „missíóns“-aðferð og drýgindi, að telja alla trúarandstæðinga sína til betlara, sem biðja að gefa sér og fljúgast á um að þkomast inn í kyrkjuna, þegar allir vita að það gagnstæða hefir átt sér stað. Hafi nokkrir Vestur-Íslendingar verið snikjandi, gengið nurlandi og krijandi byggð úr byggð, þá hafa það verið kyrkjunnar menn, en ekki hinir.

Það er hæpið að samlíkingin sé heppileg frá lútersku sjónarmiði, að það verði til þess að fjölga að stórum mun þeim, sem láta sér skipast við þannig lagaðan lestur. Og ótrúlegt er að menn taki öðru eins gorti og þessu með auðmýkt og undirgefni og þakki fyrir nafnbæturnar.

Lútersku gullin Vestur-Íslenzku eru hvorki svo mikil eða dýrmæt, að um þau sé vert að togast, og sá sem eignast þau verður að engu ríkari. Meðan það kostar bæði að ganga á bak skynsemi og þekkingar til þess að verða aðnjótandi þessara andlegu gæða, þá virðast fremur litlar gjafirnar. Það er fullu og dýru verði keypt.

Þá er fyrirlesturinn „Helgi magri“ eftir séra Jón, er, eins og að framan er sagt, kemur víða við.

Ef fyrirlestur þessi er borinn saman við þá aðra, er út hafa komið eftir sama höfund, og tillit tekið til þeirra sérstöku sköðana, er höfundurinn hefir á ýmsum málum, þá mun það verða flestra álit, að hann sé með þeim síztu bæði að orði og frágangi er eftir hann liggja. Það eru á honum e l l i m e r k i. Höfundurinn hefir til þessa haft það að sið, að innleiða málefni þau, er hann ritar um, með gömlum íslenzkum sögnum úr þjóðsögunum eða Íslendingasögunum fornu. og hefir það oft tekist mæta vel. Aðferð þessi hefir þann stóra kost að gera alla meðhöndlun málsins ljósa og þjóðlega. Öll aðal-dæmin tekin úr sögu og lífsreynslu þjóðarinnar og heimfærð upp á hennar eigið ástand, er ólíkt skynsamlegra og smekklegra en löngu tilvitnananirnar, er tíðkast hjá mörgum enn til hebrea og biblíu sagna, sem eiga ekkert sameiginlegt við norrænt líf eða hugsunarhátt.

En mörgum mun þó virðast að ekki hafi þessi dæmi æfinlega verið heppilega heimfærð, né sögulega rétt skýrð, og þarf ekki annað en minna á Helgafells fyrirlesturinn um árið, er var ítarlega ræddur og fyllilega svarað af séra J. P. Sólmundssyni. „Prándur í Götú“ var og annar, þar sem íslenzka hugsunarhættinum er líkt við Færeyja landslagið (skerjött og smáhólmalegt), og Prándur notaður sem skammaþræll íslenzku vantrúarinnar. Það er vafasamt, hvort Prándur er þar látinn njóta sannmælis, og hvort það er svo sérstaklega vítavert af honum, að hann héldi sinni *C r e d o* út af fyrir sig eins og aðrir menn.

Það virðist miklu fremur markvert af manni á hans tíma, þar sem það er aðal inntak allrar seinnitíðar menningar að sjá svo til, að menn njóti samvizkufrelsis og megi óhindraðir trúa því, sem sál og sannfæring þeirra býður þeim. Samvizkufrelsi var aðalinntak í ágreiningi Lúters við kaþólskuna og samvizkufrelsi er það, sem allir atgjörfismenn hafa barist fyrir á öllum tímum.

Það er því vantrúnni ekkert last að vera líkt til þeirra manna, er stutt hafa þetta stærsta og þýðingarmesta velferðarmál mannkynsins, eins og líka í sannleika hún hefir gert og munu fæstir fara að bera henni ófrelsi á brýn, heldur „lof og æru“.

Í sannleika hafa flestar þessar samlíkingar höfundarins misheppnast vegna þess, að þær hafa flestar verið rangt heimfærðar. Það hefir verið farið eftir því sem óljóst bjó í hugum manna um lesti og kosti söguhetjanna, hvort sem nokkur fótur var fyrir því eða ekki.

Eins er með fyrirlestur þenna „Helga hinn magra“. Það er í fyrsta lagi við hann að athuga, að samlíkingin er misbrúkuð vegna þess að bæði er það, að ekki er hægt að segja um Íslendinga hér eða heima, að svipað sé fyrir þeim í hugsunum og Helga magra, né heldur réttur skilningur lagður í orðið „kristni“. Kristni þýðir hér hjá höfundinum auðsjánlega víst *t r ú - a r j á t n i n g a r f o r m*. Og ettir því að dæma eru Íslendingingar mikið meir en „kristnir að hálfu leyti“. Þeir blóta hvorki Þór eða Óðin. Hinn forn-norræni hreysti og hetju andi hefir

yfirgefið þá fyrir lifandi löngu. „Farinn er heiðurinn frá Ísrael“. Til harðræða þurfa þeir ekki á neinn að heita, af harðyðgi þeirra, er þeim hefir sýnd verið um margar aldir, hafa þeir lært að beygja svírann drembna og leita huggunar í mótlætinu. lært að verða j á t n i n g a-menn. Og hvað annað hefðu þeir getað lært. Studdir til beggja hliða af kyrkju og konungs einræði, sem með sinni dásamlegu handleiðslu hafa vakað yfir þeim fram að síðustu aldamótum og haldið þeim til hirtingar og hlýðni hvenær sem brytt hefir á sjálfsvilja hjá þeim og mannskap. Mergurinn málsins er hér vestra, og vér skulum að eias hvísla því í hálfum hljóðum, að alt þetta missíóns-vafstur og málavas og fyrirlestraþras er ryskingaglaumur um það, að ná aftur sömu ísetutökunum á Þjóðinni og kyrkjan hélt á dögum meistara Jóns og fyrir þá tíma. Það er að geta hýtt þá, ef þeir eru ekki góðir. Út af því hvað erfitt gengur að ná þessum tökum rísa allar aðfinnslurnar, því það er enn eins og á dögum Jeppe sáluga á Bjargi, að ef kotungurinn kemst í barónsessinn þá kann hann sér ekki hóf.

Síðan hingað kom vestur hefir fólk vort notið meira frjálsræðis í andlegum og veraldlegum sökum en fyrrum tíðkaðist á Íslandi og það hefir haft áhrif á hugsunarhátt þess og skoðanir. Það hefir vakið að nýju réttlætiskröfu Íslendingans til fullrar meðvitundar, er jafnan hefir verið töluvert rík. Og það er ekki vegna neins ókristilegs í fari þeirra, að þeir hafa krafist af kyrkjunni sem öðrum mannfélagsstofnunum, að hún væri sönn og leiðbeinandi, ætti þeir að vera henni fylgjandi. Og hópurinn, sem haldið hefir kröfu þeirri til streitu fram að þessu, hefir gert það bæði af viti og sanngirni.

Það hefir hvað eftir annað verið sagt, að með þessu móti væri menn að kasta sinni „barnatrú“, yfirgefa lúterska trú. En hvað er barnatrú Íslendinga? Allur fjöldinn hefir aldrei trúað ýmsum kreddum og leiðinda stappi, sem hér hefir verið kent. Eins og hra. Einar Hjörleifsson bendir á nú síðast í Fjallkonunni, hefir það verið Íslendinga stóri og göfugi kostur, sem aldrei hefir verið hægt úr þeim að kreista, að þeir hafa verið frjálsir í anda, hvað sem ýmsum ytri játningum hefir liðið, er

Þeir hafa samsinnt meir sakir löghlýðnis en nokkurs annars. Þeir eru að upplagi frá náttúrunnar hendi frjálsslynd þjóð, þótt fyrir ýmsar ytri kringumstæður hafi oft lítið á því borið. Og það er þeirra barnatrú. Og svo er það líka að til er rétt og öfug lúterska, og lúterskan vor hér vestra er öfug. Eg segi það í heyranda hljóði, og það er það sem fjöldi fólks vors finnur strax og hingað kemur. Hún er orðin hjáróma við allar helstu lútersku kyrkjurnar í Norðurálfunni nema þær sem hafast við út á útkjálkum og í þekkingarlausustu sveitum Mið-Evrópu.

Að þetta sé ekki gripið úr lausu lofti, vitnum vér til stefnu kyrkjufélagsins sem heildar. Það fordæmir biblíurannsóknirnar frá upphafi til enda og hefir marglýst því yfir (kyrkjunni á Íslandi dettur ekki í hug að gera slíkt). Það fordæmir alla vísindalega rannsókn og nokkrir prestanna setja sig aldrei úr færi að úthúða og draga dár að öllu sem er vísindalegt, og það þarf ekki annað en minna á heimsku þá sem kom í blöðunum hér í vetur eftir Kr. Ólafsson um Darwinismus, og sem meira er, sem er samsíant og ítrekuð á ný í þessum fyrirlestri.

Fleiri dæmi mætti tilfæra og koma þau í þessum fyrirlestri, en vér víkjum að þeim síðar. Hér er um öfugan protestantismus að ræða, og fólk finnur til þess. Íslendingar í heild sinni eiga ekki ákærana skilið að þeir séu naumast kristnir að hálfu leyti.

Kristindómur er ekki bókstafstrú eða fastbundinn fjötur og form. Vér berum hér fyrir oss fyrirlesturs-höfundinn sjálfan í ádeiluriti sínu gagnvart séra Páli heitnum Þorlákssyni, er prentað var í Nýja Íslandi árið 1879 og nefndist „*Nauðsynleg Hugvekja*“. Þar andmælir hann séra Páli gífurlega og telur á hann og Norsk Luth. Synoduna mjög þungar sakir vegna afturhalds þeirra og íhaldssemi við það sem hann kallar „hinngamla Lúterdóm“. Þar afneitar hann með öllu biblíudrottnuninni yfir sannfæringu og samvizkum manna, og finnst, sem eðlilegt er, hann vera vel lúterskur og sannkristinn maður samt sem áður.

En þá var höf. fyrir skömmu kominn að heiman, og eins

og flestir sem heima eru og að heiman koma nú, töluvert frjáls og eðlilegur í skoðunum. Hann var j á t n i n g a-maður eins og margir eru, eins og vér höfum að framan bent á; vaninn og uppeldið valda því hjá Íslendingum, og sjálfsagt fannst honum ekkert óeðlilegt við það, þótt trúarjátning sín og skoðanir félli ekki saman í ljúfa löð. Kristindómurinn var honum þá meira sem stefna, sem framsóknarandi í og með verkandi menningarbaráttu þjóðanna, tillitslaust til trúarjátninga eða setninga. En nú er skoðanin önnur og hefir verið nokkuð lengi. Það er máské vegna þess, að höf. hefir séð til hvers þetta gat leitt. Eða er það, eigum vér að segja, vegna þess að það er ekki lengur nein keppni um völdin og engin Páll að prédika?

En aldrei nokkru sinni hefir kápa andstæðingsins fallið eins á herðar keppinautsins eins og í þessu tilfelli. Hverjum, er les „Nauðsynlega hugvekju“, gæti ekki annað hugsast, en þar sem talað er um Missouri Synoduna og erindreka hennar, ef aðeins nafnanna væri ekki getið, að hér væri kyrkjufélaginu lýst og kenningum þess, eins og almenningur þekkir það á þessum tíma.

En þetta nægir til þess að benda á að samlíking fyrirlestursins á trú Íslendinga og trú Helga magra er alveg út í hött, og eins skilningur höf. á því hvað kristni sé, er sé form og inn-ganga í kyrkjufélagið (sbr. bls. 115).

En þá er að athuga dálítið gjörr innihald fyrirlestursins og staðhæfingar, sem þar eru gerðar. Á bls. 115 stendur: „Unitarana íslenzku mun enginn telja til kristinna manna, nema ef vera skyldi fáeina menn í þeirra hóp“. Þessum orðum þurfum vér ekki að svara hér né annarsstaðar, því það mun sanna sig á sínum tíma, hverjir teljast meir til manns þegar fram líða stundir, það er vissari vegur og sannari að greina menn af á-vöxtunum en skjalli því, sem á þá er hlaðið að óverðskulduðu. En svo kristnir eru þó Unitarar að þeir hafa öll inntöku skilyrði í Norðursöfnuðinn í Winnipeg, og ekki er langt síðan að höfundurinn sjálfur gerði sér ferð á hendur til organista Unitarasafnaðarins að fá hann í söfnuð sinn.

Þá er tekið ofan í „Eimreiðina“ og dr. Valtýr fyrir rit-



gjörð þá hina þýddu, er kom í Eimreiðinni í fyrra, um „Kristindómsdeilur í fornöld“. Ritgjörð þessi er tekin sem talandi vottur um trúleysi Íslendinga, því hún á að vera „þrungin af helberri vantrú og kristindómshatri — og þýldist annars ekki með neinu móti“. Engum sannsýnum enskum kennimanni hefði komið til hugar að fara slíkum orðum um ritgjörð þessa, því í sjálfu sér er hún hvorki með eða móti kristinni trú. Hún er að eins söguleg frásaga frá fornöld kyrkjunnar um álit manna á þeim tímum á trúarhreyfingunni kristnu. Meðal annara þjóða, þeirra sem fremstar standa í menningarlegu tilliti, hefir saga þessara fyrstu alda kristinnar verið mjög mikið rann sökuð nú um langan tíma. Margt af því sem kreddufastir menn mundu kalla „helbera vantrú“, hefir komið í ljós. Fæst af þeirri munka-gloríu er hlaðin var á fornöldina yfir allar miðaldirnar og seinna, hefir staðist. Og það eru ekki nema að einhverju leyti veiklaðir menn, sem fá sér annað eins til. Sannleikurinn er meira verður en heimskan og þvættingurinn, þótt hann láti miður í eyrum þeirra í bili. Og hver og einn sem leyfa vildi frjálsa rannsókn á hvaða máli sem er. Honum kemur ekki til hugar að æðrast þótt eitthvað það leiddist í ljós, er áður var hvergi getið í kreddubókum hans eða annara. Hver sannur maður tekur fegins hendi öllum áreiðanlegum upplýsingum. Og það er hvernar þjóðar líf og lán að eiga sem flesta ærlega og hreinskilna menn, er segja vilja henni satt og rétt frá hlutunum hvort sem það er áhrærandi trú hennar eða eitthvað annað.

Þessi gífurlegu mótmæli á grein þessari sanna að stefna kyrkjufélagsins er öfugur Protestantismur með öllu. Því það hefir jafnan verið samkvæmt anda protestanta að rannsaka sem bezt hin ýmsu tímabil kristnisögunnar frá fyrstu tímum og birta þann árangur rannsókna sinna fyrir almenningi svo hann geti öðlast fullkomnari skilning á trúaratrúðunum eins og þau eru kennd. Það hafa verið vanaleg viðkvæði þeirra við kaþólska: „Vér getum eyðilaggt allar yðar kenningar og kreddur með því að segja sögu þeirra og út-

skýra þær“. Er nú gamli lúthersdómurinn orðinn hræddur við sín eigin storkunaryrði, að svo geti sannast á sér?

Hið annað dæmi vantrúarinnar íslenzku telur höf. ritgjörðir Jóns Helgasonar prestaskólakennara í Tímaritum Bókmentafélagsins um „Uppruna G. Testam. og Mósesbækurnar“, er báðar ganga út á að segja frá hvað miðlunar- guðfræðingar álíta um G. T. Báðar þessar ritgjörðir fara mjög hógvært í sakirnar og eru með öllu hættulausar jafnvel þeim biblíu föstustu, að því einu undanskildu, að það verða færri sem festa trúnað á munnmælin fornu, eftir að hafa lesið ritgjörðirnar, að höf. G. T. hafi verið penninn í hendi heilags anda, er ritað hafi bækurnar.

En það er Þjóðvinafélagið, sem aðallega fær ofanígjöfina og það fyrir bók Helga Péturssonar náttúrufræðings um Darwins-kenninguna, og einnig fyrir það, að í almanaki þess hafði birzt myndir og æfiágríp kennaranna góðkunnu og heimssfrægu: George Brandes og Haraldar Höfðings. Þetta er einhver sú heimskulegasta og lítillfjörlegasta ákæra og ádeiluefni, sem heyrzt hefir nokkru sinni. Og það lítur út fyrir að sá maður sé ekki að öllu með sjálfum sér, sem vonzkast út af öðru eins. Ef Íslendingar mega nú ekki fara að kynna sér neitt sem ritað er á útlendu máli nema það eitt sem fjallar um útdauðar kreddur og trú, þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn. Séra Jón vill auðsjáanlega að skorður séu settar íslenzka prentfrelsinu og bönnuð sé prentun allra vísindalegra rita. —

Um „Darwins kenning“, bók Helga Péturssonar, segir hann: „Þá gaf félag það (Þjóðvinafél.) út hinn þýdda bækling um „Darwins kenning“, sem meðal annars heldur því fram, að mennirnir séu af öpum komnir, og neitar með því sköpunarsögu ritningarinnar. Í aðalefninu flytur þetta rit stórkostlegan villulærdóm, sem kristin trú æfinlega hlýtur að hneykslast á. En það sem merkilegast er við útkomu þess rits er það, að Íslandi er boðið það og fengið í hendur einmitt á þeim tíma, er sú kenning er sem óðast að verða fyrir

mótmælum af hálfu náttúrufræðinga og deyja út í heimi vísindanna“.

Þessu til sönnunar vísar hann til ritgjörðar eftir kaþólskan höfund, er birtist í hinu há-vísindalega blaði „Bibliu-nemandinn og kennarinn“, sem gefið er út í New York. Eins og öllum er kunnugt er Boston University, Jesúíta stofnun, og Jesúítar hafa ekki til þessa fengið orð fyrir það, að þeir væri um of hlyntir vísindalegum rannsóknum, eða vandir að staðhæfingum sínum, þegar þeir hafa átt í deilum við fræðimenn, fremur en bræðrægle þeirra hér í bænum.

Sannleiksskorturinn og ósvífuin í þessari stuttu grein um „Darwins kenninguna“ er alveg yfirgengileg hjá manni, sem telur sig sómakæran og heiðvirðan. Aldrei nokkru sinni hefir Darwin kennt það, að mennirnir væri komnir af öpum. Aldrei nokkru sinni hefir Darwins-kenningin verið jafn-alment viðurkend sem óyggjandi sannleikur, sem einmitt nú á þessum tína, Allir þeir skólar sem nokkuð eru hallast að framþróunarkenningunni og fylgja henni. Vér þurfum ekki annað en benda á þann sem næstur oss er, háskóla fylkisins hér í bænum. Allar upplýstar kyrkjur landsins fylgja þeirri kenningu hiklaust. Auk heldur prestastefnan hér í bæ hefir nú rétt nýlega komið opinberlega fram sem fylgjandi framþróunarkenningunni.\*

Auðvitað er það að Darwins-kenningin hrekur með öllu sköpunarsögu ritningarinnar, en þurfti ekki þá kenningu til. Fornleifarannsóknirnar hafa nægt til þess, enda munu fáir finnast nú sem trúá Edens-sögunni um sköpun og syndafall. En segjum að það væri nú það helsta á móti Darwins-kenningunni frá trúarlegu sjónarmiði, hví skyldi menn tryllast móti þeirri kenningu þess vegna. Það væri alveg að sínu leyti eins og nú að fara að óskapast móti Koperníkusar kenningunni um gang himinhnattanna, sem ruglar reikningunum fyrir Móses og spámönnunum engu minna en Darwin gerir með sinni kenningu. Og látum oss hlusta á hvað höf. fyrirlestursins segir um

\*) Cf. The report in the Free Press of Nov. 21. '05 p. 3. of a lecture on the Theory of Evolution addressed to the Ministerial Union by prof. A. H. R. Buller of the University of Manitoba.

það. „Nauðsynleg hugvekja“, bls. 16, 17, „úr ritgjörð nokkurri í einu af aðal kyrkjumálsritum Missouri Synóðunnar, sem hljóðar um guðdómlegleika heilagrar ritningar, tilfærir Asperheim þessi orð: „Það er eins *guðdómlega víst* að sólin í sífellu hreyfir sig á himninum umhverfis jörðina, eins og það er víst að guð hefir grundvallað jörðina“. Hér er það skýrt tekið fram, að enginn gefi ritningunni þann heiður, sem henni ber, nema hann sé guðdómlega fullvissaður um að sólin snúist um jörðina. Er það í sannleika svo, mun margur áhyggjufullur spyrja, að eg ekki trúi biblíunni nema því að eins, að eg skoði orðatiltæki þau um afstöðu sólarinnar og jarðarinnar sem stjörnufræðislegan grundvallar sannleika, er bannar alla sjálfstæða vísindalega rannsókn um þetta efni. Hér verður ný villa fyrir oss, sem er afleiðing af kreddusláttar tilhneiging Missouri Synóðunnar. Með því að heimta að menn játist undir það, sem að öllu leyti liggur fyrir utan kristilegt trúarlíf og með því ógnandi að halda því fram, að grundvelli trúarinnar sé kollvarpað, sé að einhverju leyti vikið frá slíkum aukaatriðum, leiðist samvizkan á villuveg og kyrkingur kemst í hið persónulega líf mannsins. Hve auðveldlega fælist ístöðulaus maður frá sjálfstæðri rannsókn heilagrar ritningar og kristilegri hugsun, þegar hann veit, að með því að aðhyllast stjörnufræðis kenningar Kopernikusar á hann á hættu að verða dæmdur trúarvillingur.

Til viðbóta við það, sem hér er sagt, vil ég geta þess, að um það leyti sem eg kom til Vesturheims reit prestur einn í Missouri Synóðunni bækling einn, sem gekk út á að gjöra kenning Kopernikusar, sem engum manni með fullu viti nú á tímum dettur í hug að draga í efa, heimskulega og hlægilega, ekki að eins frá kristilegu, heldur frá vísindalegu sjónarmiði. . . . .“

Vér viljum að eins bæta því hér við, að þjóð vor hefir nú eignast þannig lagaðan bækling og þesskonar prest.

Vér ætlum ekki að fjölyrða meira um þenna fyrirlestur, en eins og vér höfum þegar sagt, þá er hann síztur þeirra, sem eftir þann höfund liggja, og ellimörkin allvíðast skýr, eins.

og sjá má á því sem vér höfum tilfært. Það er líkast sem höf. sé farinn að ganga í barndóm í annað sinn, eins fávíslega og hann talar bæði um Darwins-kenninguna og fleira. Það er heldur ekki frítt um að maður styrkist í þeirri skoðun, er maður les næsta kaflann á eftir út af tíundargreininni illræmdu, þeirri í fyrra, þar sem hann talar um. að grein hra B. L. Baldwinsonar ritstj. Hkr., þar sem hann mótmælir tíundar öfgunum hafi lagt sig í rúmið. Og gegnum alla vesöldina hafi hann altaf heyrt í „draumórum sjúkdómsins“ til Klemensar í Selkirk. Slíkt er barnahjal og óviðurkvæmilegt, að vér ekki segjum, manni eins og séra Jóni ósamboðið. Ef tíundargrein hans þarf varnar með gagnvart almenningi, ætti sú vörn að koma, en ekki eintómar lasleika fyrirbáru og brjóstgæðaleitanir, er hrífi meðaumkunarsemi manna. Ekki fyrir árásirnar á skoðanafrelsi manna, ekki fyrir árásir á vísindalegar rannsóknir, né fyrir yfirgangshyggju hans, sem bæði vér og aðrir skulum ætíð mótmæla, kennum vér í brjósti um séra Jón. Vér höldum honum ábyrgðarfullum fyrir öllu, sem hann segir í þá átt. Heldur fyrir það, að nú á gamals aldri, er hann sér að trúmálastefna sú, er hann hefir barist fyrir, er að bíða ósigur og verða fólki fjarstæð, kennum vér í brjósti um hann. Það er eins og æfistríðið hafi alt orðið til ónýtis, þegar þannig snýst, og öll reynsluárin yfirfögnu sem einn óvæ draumur. En hverjum er að kenna? Það er drottins dómur. Hver sem stríðir móti framfaranna og sannleikans lögmáli bíður ósigur í sinni eigin baráttu fyrr eða síðar. Það er sögð saga og gefinn hlutur.

Vér urðum þess ekki varir, er vér töldum upp innihald „Áramóta“, að allra síðast í þeim er ritgjörð eftir séra Friðrik Hallgrímsson, „Um dómsdag“. Það er ætíð eitthvað mikilfenglegt, sem sá maður hefir til umræðu og ekki létt sök að hafa mikið um það að segja. Hann skiftir ritgjörð þessari í tvent. I. Hvenær kemur dómsdagur. II. Hvað skeður á dómsdegi? Ekki erum vér í færum að segja hversu rétt höf. fer hér með, því vér þekkjum lítið af dómsdegi. Sjálfur kveðst hann ekki vita nær dagur sá komi, en fjögur atvik eiga þá að koma fyrir, er miklum tíðindum sæta, er hann lýsir all-ná-

kvæmlega, og ekki verður skemtlegt fyrir þá, er þá lifa, að horfa upp á.

Þeim sem kynna vildu sér þetta mál, ráðum vér til að lesa grein þessa, því hún er bæði fróðleg og fjallar um það efni, er margan skortir nægilega þekkingu á.



## Heimatrúboðs-farganið

(Eftir Fjallkonunni)

Heimatrúboðsaðfarir hr. Sigurb. Á. Gíslasonar hafa vakið meгна gremju með Íslendingum í Danmörk og Noregi, alveg eins hjá þeim sem aðhyllast og játa kristna trú, eins og hjá öðrum. Og þær aðfarir eiga að vekja gremju og mótspyrnu með góðum mönnum hér á landi.

Trúboðinn fer land úr landi til þess að reita saman peninga handa trúboði sínu. Það gerir hann á þann hátt að telja mönnum, sem eru hér allsendis ókunnugir, trú um, að hér ríki svo mikil vantrú og spilling, að aðrar þjóðir verði að taka í taumana.

Þetta þykir Íslendingum erlendis hneyksli, eins og það líka er.—

Meðan trúboðinn er í þessari sníkjuferð sinni, fær hann því til vegar komið að norskur prestur, Storjohann, tekur sér á hendur ferð hingað til þess að boða Reykvíkingum trú. Presturinn hefir eitthvað af áhangendum. Það hafa Mormónabiskupar líka og flestir ákefðarvitleysingar um allan heim. Svo það hefir ekki sérlega mikið sönnunargildi. Með mentuðum guðfræðingum á Norðurlöndum er þessi prestur óvenjulega orðlagður, eigi að eins fyrir ofstæki, heldur og fyrir fávíslegt ritrabb af allra lélegasta tagi.

Oss virðist rétt að benda mönnum á ofurlítið sýnishorn:

Í ritlingi, sem presturinn hefir gefið út í ár, og heitir

„Fórnargrundvöllur friðþægingarkenningarinnar“. („Offeret som Grunding for Forsoningslæren“), talar hann um skinnkirtla þá, sem drottinn á að hafa búið til handa Adam og Evu, eftir því sem stendur í 1. Mós. 3. Til þess að búa þessi skinnföt til, varð guð að slátra einhverri skepnu. Presturinn gengur að því vísu, að það hafi verið sauðkind. Þessi fyrsta sauðkind, sem guð slátrar, táknar Krist, líflát hennar táknar fórnardauða Krists. Skinnkirtlarnir hafa sakramentismerkingu o. s. frv. Þessir skinnkirtlar eru, eftir því sem séra Storzjohann segir, hvorki meira né minna, en lykillinn að heilagri ritningu, og án frásagnarinnar um þá væri ekki nokkur vegur að skilja neitt í ritningunni.

Svo er fyrir þakkandi, að hér á landi þarfnast ekki aðrar eins kenningar og þessi neinna athugasemda. Allur þorri Íslendinga verður umræðulaust sammála um það, að ekki sé orðum eyðandi að öðrum eins þvættingi eins og þessum skinnkirtla bollaleggingum. En svona eru rit Storzjohanns öll, þau er vér höfum séð, full af hinum furðulegasta, hjákátlegasta og oft ógeðslegasta heilaspuna.

Hér á landi hagaði þessi postuli sér alt annan veg en vel siðuðum mönnum er títt. Hann óð inn í hús manna, sem hann þekti ekkert, til þess að jagast við þá um trúarmálefni. Sumstaðar elti hann húsbændur, sem hann hafði aldrei séð áður, á röndum um húsið, svo að hvergi var friður fyrir honum. Honum þótti sér mjög misboðið út af því að guðfræðingar hér vildu ekki halda fund til þess að jagast við hann um biblíurannsóknir, sem hann hefir sérstaklega tekið að sér að skrifa vitleysur um. Stöðugt hafði hann á hraðbergi hina svæsnustu áfelligsdóma um einstaka menn hér, sem hann þekti ekki lifandi vitund. Og um þjóðina í heild sinni lýsti hann að minsta kosti einu sinni yfir því, að hann vissi vel, hve djúpt hún væri sokkin í guðleysi. Heima hjá einum af hinum ágætustu prúðmennum, sem til eru í prestastétt hér á landi, voru ummæli hans svo fruntaleg, að hann var látinn vita það, að réttast væri að reka hann út. Og frammi fyrir gersamlega ókendum mönnum var hann að stynja út af guðleysi tengdasonar síns, sem er

hálærður, einkar trúækinn háskólakennari, og bróður síns, sem líka er trúaður og góður maður.

Þennan mann sendir trúboðinn okkar á Íslendinga, til þess að kenna þeim kristinn sið. Það sýnir áþreifanlega, í hverja átt hann ætlar Íslendingum að stofna. Vonandi þarf ekki ráð fyrir því að gera, að langt verði komist með þá í þessa átt. Enda væri það og illa farið. Vitaskuld er ekki fjöruget trúar- og kirkjulíf hér á landi. En bæði prestastétt vor og alþýða er ósnortin af ofstæki og þeirri dómgirnis-heimsku, sem trúarofstæki er ávalt samfara. Það væri mikil afturför, ef hugsunarháttur Storjohanns og hans líka festi rætur hér á landi.

Fyrir því er rétt og sjálfsagt fyrir skynsama og frjálslýnda menn, hvernig sem þeir kunna að líta á kenningar kristinnar kirkju, að veita trúboði Sigb. Á. Gíslasonar fult viðnám. Annað verður ekki séð sem stendur, en að það stefni að því að spilla þjóðinni. Og ekki verður það neinum góðum Íslendingi hugþekkast, þegar þess er gætt, hverjum ráðum er beitt til þess að safna fé til þess í öðrum löndum.

Sigb. Á. Gíslason er maður sá, sem kyrkjufélagið hér vestra hefir í mestum metum fyrir missíónar-starfsemi sína á Íslandi, og sem það er að mörgu leyti að reyna að eftir líkjast.

Í þingbók félagsins (Áramót, 1905, bls. 11) er þess getið í sambandi við prestköllun frá Íslandi, hafi vitnisburðar verið leitað til biskups og Ástvalds Gíslasonar um þennan tilvonandi prest. Á því má sjá að það er innri-missíónar-hugmyndin, sem vakir fyrir kyrkjufélaginu hér hin sama og Ástvaldi, en ekki að menn viðhaldi endilega sinni barnatrú.

Oss kom til hugar, að mörgum þætti fróðlegt að sjá vitnisburð þann sem hr. Einar Hjörleifsson gefur þessari trúarbragða starfsemi, og tókum því upp grein þessa úr Fjallkonunni.





## Þjóðhöfðingjar að áliti Tolstoys.

Lauslega þýtt úr Litterary Digest.

Í Lundúna-blaðinu „Times“ er löng ritgjörð eftir Tolstoy greifa, um stjórnir og þjóðhöfðingja Evrópu. Fer hann þar mjög hörðum orðum um stjórnarfyrríkomulagið eins og það er, eða hefir verið.

Hann segir meðal annars:

„Á þessum tíma hefir erfðarétturinn sett til hásetis Rússlands fáráðan og tvíráðan hershöfðingja. Og svo hefir sá að ráði þeirra, sem við hann lafa, steypt öllu í styrjöld, er kostað hefir hundruð þúsunda mannslíf og millíónir rúbla.

Ó, þetta er voðalegt! Já, voðalegt, en voðalegast vegna þess, að þótt þessu örvita stríði yrði hætt strax á morgun, þá— með tilhjálp þorpara þeirra, sem umkringja hann á allar hliðar — er eins víst, að sú fluga komist í höfuð þessum þjóðvaldi, að hann fari hinn næsta dag út í eitthvert brugg suður í Afríku eða Ameríku eða austur á Indlandi, er svo útsjúgi þann kraft, sem eftir er í rússnesku þjóðinni, og sendi hana út á jarðarinnar yztu endimörk til spillvirkja og morða.

Þetta er það sem er að ske og hefir skeð ekki eingöngu á Rússlandi, heldur og víðar, þar sem minnihlutinn hefir meirihlutann í hendi sér. Öll Evrópusagan er saga þannig manna, æðisgenginna, óskírlífra og örvita, er setið hafa hver eftir annan á konungsstólunum, myrðandi, rænandi, og, það sem verst er af öllu, afvegaleiðandi fólkið.

Hásæti Englands var skipað samvizkulausum, grimmmum nifingi og flagara, Hinriki VIII., sem, til þess að fá skilið við konu sína og kvongast frillunni, uppfinnur falskristna protestanta kyrkju. Undir þessa tilbúnu trú neyðir hann alla þjóðina, og millíónir manna berast svo á banaspjótum í baráttu þeirri, með eða móti þessum fagnaðar boðskap.

Og svo Cromwell, hið mesta varmenni og hræsnari, tekur svo við vélabrögðunum, lætur hálshöggva annan víðlíka mikinn flagara Karl I. miskunarlaust, rekur út í dauðann tugi þús-

unda manna, og að síðustu eyðileggur trú þá, er hann lést heyja baráttuna fyrir.

Að lesa eða rifja upp í huga sér sögu kristnu þjóðanna í Evrópu frá því um siðabót! Hún er einn óslitinn þráður voðalega vitlausra og grimmuðugra glæpa, er framdir hafa verið af stjórnarfulltrúum, oft gagnvart hver öðrum, eða þá gagnvart sínum eigin eða útlendum þjóðum. Endalaus stríð, rán, spellvirki, eða undirokun heilla þjóða, tortýning heilla þjóða, eyðilegging hópa friðsamra manna, alt vegna ágirndar hégómagirndar og öfundar, eða þá undir yfirskyninu að stofnsetja og að halda hreinni og ómengaðri trú, hafa þeir sett niður staur við staur og brent við þá þúsundir saklausra manna og fjölda hinna ágætustu og beztu landsins sona. Svikum, undirferli, lygum, rupli og ráni á annara manna fé, pingingum, dýflissum, aftökum, glæpum, leika þeir sér að sem barnaleikjum, þessum voðalegu og óeðlilegu glæpum, sem hvergi tíðkast nema á meðal þeirra.

Þannig er sagan, ekki eingöngu Karls keisara IX, Hinriks VIII., Ivars grimma, heldur og hinna hátt vegsömuðu, Hlöðvea Frakklands, Elízabeta Englands, Katrína og Pétra Rússlands og Friðrika Prússlands konunga. Öll saman stunda þau þetta sama. Og svo nútíðar stjórnir vorar. Það er að segja menn þeir, sem mynda hinar núverandi stjórnir, hvort heldur þær stjórnir eru einveldi, konungsstjórnir eða lýðveldi. Þeir gjöra alveg hið sama. Þeir geta ekki annað, því út á það ganga öll þeirra embætti.“

Þessar þungu sakir, er Tolstoy ber á þjóðhöfðingja og landstjórnir eru aðallega sprottnar af því, að enn sem komið er, hafa engar þeirra lagt niður að grípa til vopna, þegar um missætti hefir verið að ræða. Það eru stríðin, morðin, sem stjórnirnar í nafni laganna fremja altaf þmiskunarlaust, sem hann hefir alt af hrópað hástöfum á móti og auk hans ótal mannvínir fleiri.



## Ritdómar.

BYRNAR. Nokkur kvæði eftir Þorsteini Erlingsson.  
2. prentun aukin. Rvík. Prentsm. Gutenberg. 1905

1897 komu Byrnar út í fyrsta skifti. Eftir 3—4 ár var upplagið 1400 (1700?) eintök uppselt. Þetta mun vera einna hraðasta sala, er nokkurri íslenskri ljóðabók hefir hlotnast. — Þorsteinn var áður orðinn þjóðkunnugt skáld af kvæðum sínum í blöðum og tímaritum, einkum í „Sunnanfara“. En nú sást þó best heildarsvipur hans sem skálds, er safn þetta kom út.

Og öllum varð starsýnt á þessa skáldsásýnd. Nokkrir einblíndu svo á einstaka stórskorna andlitsdrætti, að þeir sáu ekki annað. Þeir hneyksluðust, stungu sig á *þyrnunum* og fyrir-dæmdu bæði bókina og höfundinn. Aðrir stungu sig að vísu á þyrnunum, en sáu þó jafnframt rósirnar. Hinir urðu þó flestir, sem betur fór, sem létu ekki nafnið villa sig, og sáu, að rósirnar voru rósir og að þær voru aðal-atrúðið, þó að þeim fylgdu nokkrir þyrnar.

Og það sem meira var, þeir sáu, að þyrnarnir voru með undarlegri náttúru, þeir stungu ekki heilbriggt hold til blóðs, heldur stungu þeir að eins á, þar sem undir var dauðablóð eða ígerð, eða aðrir þeir óheilnæmir vessar, sem holt var að vætl-  
uðu út.

Það var ýmisleg kyrkjuleg hjátrú, fánanlegar og guði ósamboðnar guðshugmyndir og fleira þessh., sem þyrnarnir stungust í—auðvitað stundum nokkuð gassalega.

Hvort Þorsteinn „trúir“ miklu, litlu eða alls engu, skal eg ósagt láta, enda skiftir það engan neinu nema sjálfan hann.

En þegar eg með þyrnum á við nístandi biturt spott, sem stingur, þá verð eg að segja það, að hann kann að vísu að *af-ncita* ýmsu því, sem eg og aðrir mér trúaðri menn trúa, en hann *hæðir* aldrei nema hjátrú, hræsni og afkáraskap.

Því hneykslar hann hina þröngsýnni menn, bæði trúaða og hræsna, en ekki hina víðsýnni menn, hve trúaddir sem eru. Enginn mun bregða hvorki séra Jóni á Stafafelli né séra Lár-

usi Halldórssyni um trúleysi, og hafa þeir látið í ljós, annar á þingi og hinn á prenti, að þeir mætu mikils ljóðmæli Þorsteins Erlingssonar og fyndu enga ástæðu til að hneykslast á „Þyrnum“ hans, þegar menn læsu og skildu rétt.

Þegar vér lítum á aðaldrættina í skáldsvip höfundar „Þyrna“, þá verður fyrst fyrir oss mannúðin og hjartagæzkan. Höf. má ekkert aumt sjá, hvorki í mannlífínu né dýralífínu, svo að það gangi honum ekki nærri og veki honum sársauka.

Þessu skyld er réttlætistilfinning hans, sem er mjög sterk. Húd sprettur af því, að alt, sem er rangt, hlýtur að gera einhverjum rangt, vekja einhverjum óverðskuldaða þjáning, en það vekur gremju höfundarins við ranglætið eða þann sem að því er valdur, því að ranglætið er ilt. Hann elskar alt og alla, sem gera það sem gott er, sem halda fram sannleikanum, styðja það sem veikt er.

Hinir, sem að gagnstæðu vinna, vekja hatur hans, gremju, fyrirlitning. Þá vill hann stinga með þyrnum sínum—og þá eina.

En eins og hann hatar það sem illt er, eins vorkennir hann breyskleikanum og aumkar hann.

Sjálfur hefir hann alla ævi átt við fátækt og heilsuleysi að búa, og framan af við vanmet, einatt enn við misskilning. Þetta ásamt náttúrlegum tilfinningum hans hefir vakið honum samhug með olnbogabörnum lífsins og gert hann að lögjafningja (sósíalista).

Fegurðartilfinning Þ. E. lýsir sér ýmist í fögrum lýsingum („Lóur“, „Lágnætti“ o. fl. o. fl.), og ávalt í málsmekkvísi, málhagleik og ritsnild, sem er frábær.

Þorsteinn hefir ekki gengið í skóla til annara skálda um neitt, nema formið, þar er hann lærisveinn Sigurðar Breiðfjörðs og Páls Ólafssonar, og er það sagt til lofs, en ekki á-mælis.

Frumleikur hans í hugmyndum kemur víða fram—ef til vill hvergi snildarlegar en í kvæðinu: „Elli sækir Grím heim“.

Þessi önnur útgáfa „Þyrna“ er nærri helmingi stærri en hin fyrri. Kvæðin á 78.—90. bls. eru ný, og aftur frá neðst á 142 bls. og bókina út til enda. Alls er þessi útgáfa 244 bls.

Af hinum nýju kvæðum er „Eden“ lengst, víða meinfyndið kvæði, en með smáblettum ofan máls og neðan.

Annars er óþarft að nefna mörg einstök kvæði af hinum nýju. Benda má m. a. á „Lóluljóð“ til Páls Ólafssonar, innilega hlýtt kvæði. „Til Sigurðar Thoroddsen“, sprengfjörugt og fyndið galsa-kvæði. „Tvímenningarnir“, meinfyndin vísa, sem flestir menn skilja án skýringar. „Valdimar Ásmundsson“, „Björnstjerne Björnson“, „Afmælisvísur“ (á 203. bls).

Allir, sem ljóð kunna að meta, þurfa að eiga þessa útgáfu „Þyrna“, hvort sem þeir eiga fyrri útgáfuna eða ekki. Án hennar á enginn *smækkvaður* að geta verið.

Mynd höf. er framan við bókina, og allur frágangur svo vandaður, sem Gutenbergs-prentsmiðja ein gerir, og svo er *papptrinu* frá *Jóni Ólafssyni*, og spillir það ekki til.

Þingið sveltir Þorstein á 800 kr. um árið. Nú er landsmanna að bæta það dálstið upp með því að *kaupa* bókina.

(Eftir „Reykjavík“.)

Jónas Jónasson: Opínberun guða. Akureyri. Kostnaðarm. Oddur Björnsson, 1905. 51 bls.

Ritlingurinn er fyrirlestur, sem Jónas prófastur Jónasson á Hrafnagili hélt á prestafundi á Sauðárkróki í fyrra sumar. Hann var prentaður í fyrra, en hefir ekki verið sendur Fjallk. fyr en í sumar.

Menn ættu að lesa ritlinginn. Höf. stendur fast á kristilegum grundvelli. En andrúmsloftið u.ahverfis hann er hreint og hleypidómalaust og hugurinn fullur af frjálsslyndi og skilningi. Síra J. J. er sjálfsagt líka að ýmsu leyti lærðastur kennimaður hér á landi utan Reykjavíkur.

Andann, sem ríkir í þessum ritlingi, má nokkuð sjá af eftirfarandi línunum, sem vér prentum úr niðurlagi ritlingsins.

„Þannig hefi ég þá lauslega drepit á örfá af höfuðatriðunum af því, sem ókristnu þjóðirnar hafa gert til þess að nálgast guð. Þeir, sem tala um náttúrleg trúarbrögð, telja þetta alt barnabrek mannsandans, sem hann hefir lifað sig fram úr til þekkingar og lausnar frá hjátrú og hindurvitnum fáfræðinnar.

En því trúa fáir, enda er það afneitun allrar sögulegrar reynslu Aðrir hafa talið og telja enn heiðnu trúarbrögðin villu eina, og og vott um vald syndarinnar og djöfulsins yfir mönnunum. Það er líka fjarstæða. Guð, og enginn annar, hefir setið við stýrið og haft hendur á stjórntaumum sögunnar frá upphafi alt til þessa dags—og hann mun gera það héðan af alt til hins síðasta dags. Og hann hefir eigi að eins stýrt sögu viðburðanna, þjóðanna, styrjaldanna, eigi að eins reist og felt ríki Persa, Alexanders, Rómuv., Móngólanna, Osmannanna, heldur og stýrt og leitt áfram sögu síðanna, siðgæðisins, vísindanna, skáldskaparins og íþróttanna heldur og ekki sízt, sögu trúarinnar og guðsdýrkunarinnar. Alt er þetta opinberan guðs. Sumt af því vitum vér eitthvað um, sumt ekki. Vér vitum ekkert, hvernig hann hefir vakð og hafið trú forn-Kínverja, Brahmana, Egypta, Kaldea, Föníkíumanna, Mexicomanna, Grikkja, Rómverja, Kelta, Germana og Norðurlandabúa. Það er alt hulið í hjúpi forn-söguldanna, alt að eins geymt í sögu guðs forsjónar og speki. En hann hefir eigi síður starfað innan hinna þröngu takmarka sögunnar. Öðrum þjóðum hefir hann sent sína spámenn, Zarathustra, Budda, Konfútse, Móses—(og Krist, sem varð spámaður alls heimsins). Hver þeirra bar fram og kendi guðs götu, eins og hann gat bezt skilið, og þeirra veiku kröftum var auðið. Allir kendu þeir sannleikann sínum þjóðum, eins og þeir náðu honum, boðuðu trú sína á sinn hátt, og þjóðirnar meðtóku það eftir megni og í veikleika. Enn samt er í þeim öllum mergurinn málsins, stór kjarni af djúpum allsherjar sannindum. Allar benda þær fram“.

Fyrirlesturinn var saminn, fluttur og prentaður áður en nokkrar verulegar umræður urðu hér á landi um rannsóknir á dularfullum fyrirbrigðum sálarlífsins. En vikið er að mikilvægi þeirra rannsókna í fyrirlestrinum. Höf. telur það sýnilega hámarkið, sem reynsluvísindin hafa náð, eins og það líka er—að „jafnvel fortjaldið á milli þessa heims og annars, efnaheims og andaheims, er að byrja að láta grisja í gegnum sig. Sál og andalíf mannsins hefir hingað til verið flestum hulin gáta, og flestar hagleiðingar og heimspekisgrufl um það efni mildast tal-

að verið í lausu lofti byggt. Nú er þar að rofa fyrir nýju ljósi og skilningi, bygðum á þekkingu. Alt þetta bendir á það, að það er að færast í áttina með að stytta á milli himins og jarðar. Guð er alt af að draga mennina að sér í gegnum skynsemina og vitið.“

Það er sjálfsögð skylda hugsandi manna að gefa vandlega gætur að því, í hverja átt kyrkjan er að leita við að stefna með fólkið, hvort hún er að reyna að gera menn frjálslyndari eða ófrjálslyndari, viðsýnni eða hleypidómafyllri, vitrari eða heimskari. Alveg áreiðanlega er viðleitni hafin í þá átt, að halda að mönnum þeim hliðum kristilegs og kirkjulegs lífs, sem þrunnastar eru af ófrjálslyndi, hleypidómum og rannsóknaróbeit. Ekki þarf annað en renna huganum til þess, að annar eins kennimaður og Storjohann er sóttur á oss utan úr löndum, til þess að ganga úr skugga um, að eitthvað er hér bogið.

En svo er fyrir þakkaudi, að sú viðleitni kirkjunnar hér á landi, sem fer í gagnstæða átt, er enn miklu ríkari. Íslendingar eru yfirleitt frjálslyndir menn í trúarefnum, prestar vorir ekkert síður en leikmenn. Það er stórsæmd fyrir prestastétt vora. Frjálslyndi hennar hefir fengið ómetanlegan stuðning við ritstórf séra Jóns Helgasonar, kapp það, sem hann hefir lagt á að koma inn hjá mönnum skynsamlegum og vísindalegum skilningi í heilagri ritningu. Og höfundur þessa ritlings skipar sér ákveðið og afdráttarlaust frjálslyndisins megin.

Fyrir því viljum vér vekja athygli á þessum fyrirlestri, sem er svo lítill og ódýr, að engan munar um að kaupa hann.

(Eftir Fjallkonunni)

## Jerúsalem.

Lausleg þýðing úr Biblical World.

Ekkert getur betur sýnt, hversu ógna mikið vald þessi bær hefir haft yfir tilfinningum manna, og það mikilmenna, hversu töfraafl það hefir látið þúsundir millióna skrifa í duftinu af lotningu, en myndastytta af Richard Englands konungi sitjandi

á stríðshesti sínum, grátandi af óviðráðanlegum tilfinningum, er hann hafði yfirstigið allar þrautir og komist að hliðum borgarinnar, en fannst hann ekki vera verðugur til að stíga fæti sínum inn fyrir hlið hennar. Myndastytta þessi er á Nebí Samwils-hæðinni, og má teljast einkar merkileg í sinni röð. Hún sýnir oss glögt mismuninn milli hetjunnar, er ekki kunnir að hræðast jarðneskt vald og aldrei gafst upp fyrir en takmarkinu var náð, og aumingjans, er skalf af ótta, er hjátrúin hafði gagntekið sálu hans. Hún sýnir betur en nokkur orð, hversu járnklær þær hertu að sálunni og hver æð brann af þeim eldi, sem óttinn fyrir einhverju skelfilegu kveikir.

Fólk af þremur mismunandi trúflokkum er seitt til þessarar borgar af sama töfraafinu. Það er ekki vegna fegurðar eða heilnæmis lofts, sem fólk hefir á síðastliðnum 19 öldum hópast þangað, því bærinn sjálfur er ekki, og hefir ekki nú um langan tíma fagur verið, því síður heilnæmur, því óvíða mun finnast nú á dögum í löndum, sem kölluð eru síðuð, annar eins óþrifnaður, annar eins ódaunn, aðrir eins betlarar og úrkast mannfélagsins.

Vilhjálmur frá Tyre gefur góða lýsing af því hvaða áhrif það hafði á hermennina í pílagrímsgöngunum miklu, er þeir fyrst komu auga á hinn heilaga stað, jafnvel hermennirnir undir forustu Tancred, sem þektir voru að öllum löstum og létu ekkert illverk sér fyrir brjósti brenna, er þeir heyrðu nafnið Jerúsalem, þá þeir komu upp á síðasta hólinn og sáu borgarveggina, féllu flatir á jörðina og ákölluðu guð, lofuðu hina heilögu náð fyrir að hafa auðsýnt sér þá mildi, að fá að lifa þá stund, er markmið þeirra beztu vona og þrá þeirra hjartna rættist. Það var sem, hvað sem öðru liði, þetta væri aðalmarkmið lífs þeirra, og er því væri náð, mætti hvað sem vera vildi að höndum bera.

Elzti hluti bæjarins, það sem kallað er Jebusites, er bygður á syðri og lægri hluta austurhæðarinnar,— af þeim þremur hæðum, sem bærinn nú stendur á. Það var í fyrstu byggt sem varnarvirki að eins, en var ekki að miklum notum nema við aðsókn frá Kedronsdalnum, þar hann mætir Hinnom



Sona dalnum að sunnan. Það var hvergi nærri á hæstu hæðinni, til vesturs var upp bratta hlíð að sjá, svo frá þeirri átt var virkið að litlum notum.

Hinn yngri hluti bæjarins var síðarmeir bygður á vestari hæðinni, en jafnvel eftir að bærinn náði yfir báðar hæðirnar, var það hvergi nærri gott vígi. Á tvo vegu er bærinn umkringdur af hólum, og þar sem landinu hallar ögn, er samt mjög lítið útsýni.

Það er ekki nema frá einstöku hæð, sem hægt er að sjá yfir borgina. Af þessum hæðum sést bærinn bezt frá Nebi Samwil, hinni gömlu Mizpah, sem pílagrímarinn kölluðu Mons Gaudii, sem átti að draga nafn af fögnuði þeirra yfir að hafa fundið hinn fyrsta hvílustað, þar sem sést hinn helgi staður. Annar ágætur staður til að sjá yfir bæinn er frá hæð á brautinni til Mar Saba, um  $1\frac{3}{4}$  kl. tíma til suðurs frá Mons Quarantana, sem yfirgnæfir Jerikó, þar sem hin velþekta oft sagða saga um freistinguna á fjallinu átti að ske, má sjá á turninn á rússnesku kyrkjunni, en Jerúsalem sjálf er byrgð sjónum. En er maður fer norður frá bænum sést hann síðast frá Scopushæðunum. Af þessu má draga, að Jerúsalem er lítilfjörleg að fegurð eða sem vígi, þegar hún er borin saman við bæi, svo sem Jezreel, Gezer, Samariu eða aðra merka bæi í Palestína.

Bærinn hefir l.ðið óútmálanlega af eyðileggingum stríða á ýmsum tímum og er nú mjög lítið eftir af þeirri fegurðinni, sem einu sinni hefir hlotið að vera þar, því fagur hefir bærinn víst verið á þeim tíma er Salómon gerði hann að höfuðstað ríkisins, bæ, sem þá var að eins lítilfjörlegt varnarvígi. Höll sú, er hann lét byggja á Ophel-hlíðinni handa sér og sinni egyptizku drottningu, ásamt musterinu mikla, er stóð hærra upp í Zíons-hlíðinni, hafa þá hlotið að gera Jerúsalem svo álitlegan bæ, að það hafi verið þess vert að taka sér ferð á hendur frá öðrum löndum til að sjá hana.

En dýrð þessi stóð ekki lengi. Samaría varð brátt aðalbær ríkisins. Sheshonk fór með her sinn inn í bæinn, rændi og eyðilagði mikið af því, sem markverðast var. Og síðar Joash—einn af Israel—það sem eftir var nýtilegt. Nokkru síð-

ar, á dögum Hezekiah, er Samaría var orðin í niðurlægingu, lifnaði Jerúsalem ögn við aftur, svo að her Sennacheribs, er þá eyðilagði mest í Judea, gat ekki unnið bæinn. Frá þessum tíma, þar til Nebuchanezzar náði þar yfirráðum, er saga bæjarins mjög viðburðalítill. En einmitt á þessum tíma hverfa að öllu merki um hina fyrri feegurð og vald Jerúsalem.

Um 538 fyrir Krist fæðing fer vitund að birta af betri tíma í Juda. Musterið í Jerúsalem var bygt á ný, en var nú svo lítilfjörleggt við það, sem verið hafði, að það var sagt að sum gamalmenni í landinu, er mundu eítir mikilleik og dýrð must-eris Salómons, hafi grátið af tilhugsuninni um það.

Bærinn fór smátt og smátt að byggjast upp aftur, en var nú hvergi nærri eins fagur og áður.

Það má telja daga hans frá persneska til gríska tímabilsins og er þá oft mjög misjafnt þar, stundum styrjöld og stríð, aftur velmegun og friður. Meðal þeirra, sem hjálpuðu mest til að byggja upp bæinn, má nefna þá Nehemiah og Ezra. En ekki samt fyrr en á tímum Herod hins mikla, er bærinn búinn að ná aftur sínu fyrra gildi eða fegurð. Ásamt mörgu öðru, sem hann lét byggja þar, var mjög vandað leikhús og höll með þremur turnum, er kallaðir voru Hippicus, Phasael og Marianne, og er partur af einum þessum turni þar enn þá sjáanlegur í hinum svokallaða Davíðs turni. En það sem þó er mest um vert af öllu því, er hann lét gera í Jerúsalem, var bygging hins nýja musteris, þessa mikilfenglegu, markverðu byggingu, sem var heilagt musteri, háskóli, markaður og vígi. Það var hvergi nærri fullbyggt á dögum Jesú, en þá hafði þó bygging þess staðið yfir í 50 ár, og jafnvel 70 árum eftir Krists burð er borgin féll fyrir Rómverjum, var það ekki að öllu leyti fullgert. Það er sagt, að Titus aðalherforingi Rómverja, er hann leit yfir borgina frá herbúðum sínum á Scopus-hæðunum rétt fyrir síðasta áhlaupið, hafi grátið yfir því, að svo fögur borg skyldi verða eyðilögð. Menn máskje muna eftir því, að annar honum miklu meiri hafði nokkru áður grátið yfir forlögum hennar.

Rómverjar eyðilögðu alt það markverðasta í borginni.

Musterið mikla var rífið niður til grunna, nema turnarnir stóðu að mestu óhaggaðir, og er Phasael sá eini, sem nú sjást eftirstöðvar af.

Það var ekki fyrr en á dögum Hadrian (um 132 e. K.), að nokkuð var gjört í þá átt að reyna að endurreisa bæinn, en um það leyti voru hinir helgu staðir óþekkjanlegir og gleymdir, svo mest var farið eftir ágizkunum. Gyðingar lifðu einmitt í von um að höfuðborg þeirra ætti enn eftir að ná sínu fyrra gildi og fegurð, en Rómverjar reyndu sitt ítrasta til að láta það verða rómverskan bæ, eitt af sínum mörgu smáu útibúum. Þetta leiddi til uppreistar í öllu Gyðingalandi, sem varð þó brátt niðurbæld af Rómverjum, en blóðsúthellingar urðu enn á ný næstum eins miklar og þá, er Titus hertók borgina. Um þetta leyti var nafni bæjarins breytt og hét hann nú Ælia Capitolina, svo að jafnvel nafnið Jerúsalem féll í djúp gleyskunnar. Saga er sögð af egypzkum píslarvotti, er leiddur var fram fyrir dómara og spurður að hvaða bæ hann tilheyrði, en hann sagðist tilheyra Jerúsalem (meinti himnaríki). Skipaði þá dómarrinn að þína hann þar til hann segði satt, því slíkan stað hefði hann aldrei heyrt nefndan.

Hof, sem tileinkað var Jupiter, var bygt á rústum hins forna musteris, og fyrir framan það, þar sem hið mikla altari hafði verið, var reist myndastytta af keisaranum. Annað hof, sem var tileinkað Venus, var bygt þar sem á seinni öldum er álitid að Kristur hafi verið jarðaður, og það var gjörð dauðasök fyrir Gyðinga að koma inn fyrir hlið borgarinnar.

Skömmu eftir þennan tíma byrjuðu pílagrímsferðirnar, sem eru svo vel þektar af öllum, að ekki þýðir að lýsa þeim hér.

Á þessum tíma voru sumir heilagir staðir uppgötvaðir, en sem nærri má geta var það að mestu, ef ekki öllu, af ágizkun. En það hafði og að öðru leyti þýðingu fyrir borgina, því með þessum ógna straum af fólki komu peningar og önnur auðlegð inn í landið og þó einkum bæinn, svo nú fór Jerúsalem að rísa upp úr öskuhrúgunni að nýu. Og nú lét Justinus byggja mjög vandaða kyrkju nálægt suðvesturhorninu á gamla musteris staðinu. En ekki voru samt hörmungar Jerúsalems á enda

enn þá, því skömmu síðar fór Chosroes hinn persneski herskildi yfir landið og alt var eyðilaggt sem áður fyr. Eftir þetta urðu hinir forn-helgu Biblíu staðir enn óglöggari og óþekkjanlegri en áður hafði verið.

Á 4. öld, er Bordeaux pílagrímur kom til Jerúsalem, var svo ervitt að fá upplýsingar um hina forn-helgu Biblíu staði, að hann hélt að hinn efri bær væri á vestari hólnum og að þar væri Zion, og svo kallaði hann það Zion.

Þessi misskilningur hefir haldist við til vorra tíma. Svo mikið hafa hin sífeldu stríð og byltingar ásamt hinum langa tíma, sem nú er liðinn, áorkað, að breyta, rífa niður og höggva upp, að jafnvel gilið, sem að fornu var á milli klappanna og sundurskildi bæinn í tvo hluti, er nú að mestu leyti fyllt upp, og í þess stað ekki nema lægð, sem er mjög óljóst merki um hin fornu bæjarmörk.

Ekki voru þó hörmungar þessa margvalda bæjar enn á enda, því nú byrjar nýr kafli í sögu hans. Oft höfðu musteri og hallir verið reistar og svo að segja jafnharðan rifnar niður aftur, og alt þetta að mestu eða öllu leyti til að ná yfirráðum yfir bænum og landinu. Að sönnu var þetta að mestu það sama enn þá, en nú bættist þar við að annað stríð var háð og það mjög biturt, innan borgarveggja, stríð á milli Múhamedsdýrkenda og hinna kristnu. Þegar Omar kalífi náði yfirráðunum, byrjaði það fyrst fyrir alvöru. Það var ekki af því að þessir nýju herrar Jerúsalem væru verri en Persar höfðu verið. Þeir báru virðingu fyrir nafni Jesú og kyrkju hins heilaga grafhvelfis (Church of the Holy Sepulcher), og þeir jafnvel lofuðust til að vernda hina kristnu íbúa borgarinnar. Stuld, fyrirlitning og margt annað enn verra urðu hinir kristnu íbúar að þola daglega. Þeir urðu að borga háa skatta, þeim var fyrirboðið að bera vopn eða sjást á hestbaki o. s. frv.

Múhamedstrúarmenn álitu Jerúsalem eina af þeim fjórum helgu bæjum, hinir eru Mecca, Medina og Hebron. Múhameds pílagrímar flyktust þangað í stórhópum og voru í sífeldum illdeilum við hina kristnu, en þar sem þeir höfðu völdin, urðu þeir kristnu að lúta í hvívetna.

Á sama tíma voru þá báðir flokkarnir að reyna að höggva upp og gjöra sem fegurstan sinn hluta borgarinnar, en nú bygðu þeir kristnu á vestari hæðinni, sem lesarinn man að var ekki hin rétta Zion, og sem áður er sagt, helzt sú villa enn þann dag í dag, að álíta að það sé hin rétta og forna Zion.

Það væri erfitt að hugsa sér misjafnari daga fyrir nokkurn bæ, en þá sem Jerúsalem hefir orðið að sjá. Sú borg hefir verið höfuðstaður landsins hvað eftir annað, heimili konunga og stjórnenda. Þúsundir manna hafa unnið að því svo tugum ára skiftir, að skreyta bæinn og gera sem fegurstan. Keisarar og konungar hafa skríðið í duftinu af lotningu fyrir heilagleika hans. Íbúarnir hafa verið álitnir hinir sælustu menn á jarðríki. Þar er þeir daglega sæu og gengu um hinar helgu stöðvar.

Aftur hafa allar hinar dýrðlegu byggingar verið rifnar niður, göturnar verið litaðar rauðar af blóði, og allur bærinn ómáð af grátstunum kvenna og barna í dauðateigjunum. Alt fyrir það hefir bærinn smátt og smátt fært út kvíarnar. Fyrst um austari hæðina, út fyrir hana og yfir á vestari hæðina og að endingu út fyrir vestari hæðina.

Það er máske enginn blettur á jörðinni, sem hefir verið heimkynni og horft upp á aðrar eins kvalir og eynd, og mjög fáir bæir eru nú eins óálitlegir. En þrátt fyrir alt og alt er silfurþráður Jerúsalem enn óslitinn og að líkindum helzt óslitinn svo lengi og nokkrar endurminningar eiga sér stað í þessum heimi.

## Þrjú kvöld í Winnipeg.

BROT ÚR SKÁLDSÖGU EFTIR

**Snæ Snæland.**

III.

[NIÐURLAG]

„Þú ert náttúrlega bráðókunnugur hérna í borginni. Eg heyri það á tali þínu. Tilheyriðu annars nokkrum félagsskap?“

„Nei, engum íslenskum félagsskap. Eg held Íslendingar séu engir framúrskarandi félagsmenn, og eigi ekki fjölbreyttan félagsskap, utan kyrkjulegan, og pólitískan, og svo bindindis einingar.

„Já, þetta grunaði mig. Þú veizt ekki skapaðan hlut, maður. Eg er svo steinhissa, öldungis forviða. Jú, þeir hafa bæði fjölbreyttan og reglulegan skemtilegan félagsskap. Fyrst hinn kyrkjulega, þeir standa í sex kyrkjufélögum, í það allra minsta. Í lútersku kyrkjuni, í Tjaldbúðinni, hjá Unítörum, Presbyteríönum, Baptistum og Sáluhjálparhernum, og svo í smá trúarbragða-klíkum þar að auki. Svo er blaðafélagsskapurinn, Heimskringlumenn, Lögbergingar, Sameiningin, Aldamótin, Kennarinn, Dagskrá, Freyja, og Almanaks útgáfu-prentfélögin og margt fleira. Pólitísku flokkarnir eru íhaldsmenn, liberalar og jafnaðarmenn. Þá eru þrjár bindindis einingar, fimm kvennfélög, sunnudagsskólafélög, djáknafélög, bandalagsfélög, háskólanefnd, stúdentafélag, hagrýðingafélag, mjólkurmannafélag, lífsábyrgðarfélög, Íslendingadagsfélag og átfélag Helga hins magra, söngfélag, kvennhjálparfélag, ungramma klúbbur, lista, og íspróttu, ungra stúlkna félög, og margt og margt fleira, sem eg man ekki upp að telja. Alt góð og skemtandi félög, sem halda samfundi og samkomur að meira og minna leyti, og hafa áhrif á hugsunarháttinn. Hvað heldurðu, maður, heldur þú ekki að þetta sé skemtlegt og gott, þegar einlægt er verið að skemta fólkinu og gjöra því gott og menta það, og láta það skilja svolítið“.

„Ó, eg held ósköp lítið um þessi félagsnöfn, eg þekki ekki starf þeirra, en ávextina hefi eg í fæstum tilfellum séð. En þú veizt það betur. Eg býst við að þú standir í æðimörgum af þeim“.

„Já, og skammast mín ekki. Eg tilheyri níu félögum í alt og er að hugsa um að stofna eitt félag sjálf. Það er nauðsynlegt—afar-nauðsynlegt, barasta bráð-nauðsynlegt. Eg ætla að kalla það „Hið startandi mentandi saumakvenna sjálfstæða saumafélag.“ Jú, reyndar gjöri eg það. Eg er búinn að fá tvær stúlkur til að ganga í það, og ætla að útnefna einhveru

myndarlegan mann fyrir heiðursforseta, því það er tízka að verða í öllum yngri félagsskap, síðan hagrðingafélagið útnefndi prestana: Jón, Bjarna og Friðrik. — Miss Edward ætlar að stofna annað, en eg veit ekki fyrir víst hvað það á að heita. Eg sagði henni að kalla það „Hið framtíðarfulla sístarfandi hannyrðafélag.“ Hún er svo skolli flink í útsaum og hanyrðum. Eg er næstum því standandi viss um það, að hún útnefnir þig fyrir heiðursforseta. Jú, reiddu þig á það“.

„Hvernig ætli eg eigi að bera mig til í þeirri heiðurstöðu? Eins og þeir prestarnir, að láta ekki sjá mig, og steinþegja?“

„Þú ert flón. Þú átt náttúrlega að sækja alla fundi, og tala og tala og láta á þér bera, og styrkja félagsskapinn—með því að vera heiðursfélagi. Þú átt að vera „dannaður“ upp á íslenzku og skilja þína stöðu. Þú skilur hvað eg meina, vera f í n n og s ý n a s t. Veiztu hvað eg meina?“

„Eg skil orðin sjálf, en tæplega þó meininguna í þeim. Hún er sú, að sýnast, en eg kann heldur illa við hana, frá íslenzku sjónarmiði“.

„Þú ert utan við okkar félagsskap. En þegar við stúlkurnar erum búnar að kenna þér, þá skilurðu, maður, hvað félagsmentun er í raun og veru. Já, þú skilur það, vertu viss, barasta hárviss“.

„Eg hefi aldrei heyrt getið um svona mentun fyrri en nú. En það er auðvitað vesturheimsk mentun, náttúrlega ágætlega góð, upp á agenta vísu“.

„Ó, þú skilur ekkert, bókstaflega ekki neitt. En heiðursforseti skaltu verða. Vittu barasta til“.

„Þá hlíði eg og þegi, bíð átektanna“.

Það var komið fast að messutíma. Miss Edward kom ekki. Þessi kona vildi fara í kyrkju guðs og manna, og margbað mig að koma með sér. Eg lét tilleiðast fyrir bænastað hennar og forvitni mína. Þótt sleipt og blautt væri á gangstéttunum, komumst við alla leið til hinnar fyrirhuguðu kyrkju. Eg hefi ekki tíma né löngun til að lýsa henni. En strax vakti það athygli mitt, að ekki var alt með feldu. Lögregluþjónar stóðu á strætishorninu rétt neðan við kyrkjuna. Fólkið þyrpt-

ist inn í hana. Þegar eg var rétt seztur niður og orgelið öskraði og söngflokkurinn skrækti og emjaði, sá eg kyrkjuvörðinn skunda til dyranna, rétt sem útvaldan og kallaðan, síspíksporandi undirdánugan labbakút. Allra augu mændu eftir honum, enda var hann gamall, nafnkunnugur sparísjóðs gjaldkeri. Hann vatt sér snögglega inn í sætið aftur. Gekk upp að stúlku, ungri og kindarlegri, sem hélt í annað sálmabókarhornið með miður snyrtilegum yngismanni, sem söng og beljaði upp í loftið. Þessi stórmerkilegi embættismaður hvíslaði einu eða fleiri orðum í eyra stúlkunnar. Hún tók viðbragð, fylgdi honum út í forkyrkjuna. Stunur, hljóð og grátur heyrðust samstundis inn í kyrkjuni. Allir sneru sér fram til dyranna, gláptu og góndu, en sungu. Stúlkan var tekin til fanga af tveimur lögregluþjónum, drifin í fangavagninn, flutt úr guðshúsinu til svart-holsins. Söngurinn hélt áfram í mestu vandræðum. Kyrkjan fylltist forvitni, kvíða og angist. Það fanst úlfur í hjörðinni, — þjófur eða ræningi. — Einum brá hvergi, en það var presturinn. Hann lagði hart út af brotum mannanna, og hótaði öllu illu, jafnvel píslum hinna fordæmdu, ef alt gengi ekki í röð og reglu, samkvæmt biblíu og sáttmála. Hann dæmdi hart þá föllnu og varaði við, að láta eigi freistast af holdinu né glisinu. — Þessi stúlka hafði tekið hlut í misgripum, sem einhver mesta prestkona bæjarins átti, niður á Aðalgötunni til að komast til kyrkjunnar, sem sé „tvíli“, og hugðist gjöra kyrkjuni þægt verk, að vera þar til staðar á meðal réttláttra og rangláttra. En heiðursfrúin lét lögregluþjóna elta hana og hrífa hana út úr kyrkjuni, undir yfirskini dóms og laga. Þá fór sem oftast, að vesalings kyrkjan stendur nakin og varnarlaus á móti ofbeldi laganna.

Já, víst messaði hann, blessaður, en enginn tók mark á því, sem hann sagði, því allir horfðu út í dyrnar, rétt eins og þeir ættu von á því, að þeir yrðu teknir af réttvísinni. Og þegar diskurinn, guðskistan, var borin í kring af miður siðferðisgóðum náungum, þá lýsti og birti yfir öllum. Mjónu skjálíandi fingurnir keptust við hver í kapp við annan að fleygja fimm, já, tíu centum á bollann, til að frelsa sig frá fordæming-



unni, því allir vildu sýnast réttlátir og útvaldir, en allir vissu að margt hafði þeim yfirsést. En kyrkjan er skjól og skjöldur sinna barna.

Ög stærsta heimsins blað borgarinnar auglýsti næsta fimtugdag, að aldrei hafi guðstrú og félagsskaparandi auglýst sig eins vel og seinasta sunnudag, því kyrkjan hafði fengið þrjátíu cents meira þann dag en nokkru sinni áður. Mikil er þín trú og fjölbreytt meðöl. Þú hinn alvaldi. Þú einn skilur þína köllun og þína hluti.

Dæmalaust varð eg feginn að komast burtu frá þessu bulli og hræsnistjasi. Aldrei ætla eg að koma þangað aftur, ráði eg öllu sjálfráðu, — yfirskeynið—hræsnin og—og aurafýknin gjörir ætíð út af við mig, undir yfirskeyni guðhræðslunnar.

Við fórum heim aftur. Þessi dæmafáa yngisstúlka sagði, að Lára yrði óefað komin heim á undan okkur.

Þrátt fyrir bleytuna, troðninginn og forina komumst við yfir á Katrínarstræti. Þegar eg var nýlega settur inn í daglegu stofuna kom Lára. Hún gat varla tekið kveðju minni. Eg sá óðara, að það var einhverskonar fát í látæði hennar. Hún snerist og tók hálfhrings sveiflur, áður en hún tók í hendina á mér, þá hljóp hún inn í hliðarherbergi, reif af sér hattinn—ljómandi stásslégan hatt. Kom aftur, starði framan í mig, rétt eins og þegar einhver skepna ætlar að svelgja aðra minni skepnu. Eg varð hálfhissa, ráðafár og hnýpinn. Eg vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Hún hljóp inn aftur, kom á augabragði aftur og bað mig að tala við sig einslega. Eg hlýddi sem í leiðslu, rétt eins og draugur, sem verið er að kveða niður.

„Þú lætur lýsa með okkur, án þess að spyrja mig að nokkru. Heldurðu eg þoli að verða kona þín, án þess að þú biðjir mín? Þú, heimskingi—blátt áfram, asni, viltu skilja hvað eg meina?“

Himneski faðir! Eg vissi ekki hvað eg átti að segja. Var eg í draumi, eða var hún gengin frá vitinn?—

„Ætlarðu ekki að ansa mér? Því fer þú svona með mig? Presturinn lýsti af stólnum með okkur í kveld, og þú spyr mig

einskis. Eg segi þér, elskan mín, það á ekki að ganga svona. Auðvitað fyrirgef eg þér þetta, barasta ef við verðum gift innan viku. Þú skilur hvað eg meina. Annars—annars verð eg annars manns kona. Skilurðu hvað eg tala?"

"Því er miður að eg skil ekkert hvað þú talar. Það er einhver að gera gabb að þér. Það er alt sem eg skil".

"Þú ætlar að narra mig alt í gegn, en það verður þér spauglaust fyrr en lýkur. Eg segi þér satt, að presturinn, sem er ágætis góður prestur, lýsti með okkur. Trúirðu mér?"

"Nei, og þúsund sinnum nei. Hafi hann gert það, hefir hann nefnt mitt nafn af vangá, eða þekkingarleysi. Eg léti ekki lýsa, ef eg gifti mig hér. Eg er enginn hreppsómagi eða Eyjólfur ljóstollur, Lára, þú mátt trúa því. Eg veit að einhver hefir farið skakkt með nöfnin, boðberar eða presturinn".

"Allir sögðu að það værum við, sem lýst var með".

"Nema eg".

"Nema þú?"

"Já, nema eg sjálfur".

"Þá er eg standandi hissa. Hvað heldurðu um mig og þig? Eg meina, hvað fólkíð segir?"

"Það er ætíð að tala, án þess að vita hvað það talar um. Alt og sumt".

Það var barið, barið snöggt, ótt og títt. Séra Höskuldur var kominn. Hann vildi finna Miss Edward. Dæmalaust heilsaði hann okkur flágellulega. Hræsnin og yfirskynið kemdi aftur af honum á báða bóga, og silkitungan varð eins löng og allur Eyjafjörður frá Hrísey inn í botn, inn að Vöðlum.

Hann sagði að það hefði orðið hráparleg mistök hjá sér í lýsingu í kveld. Og af því að hann átti ferð fram hjá þessu húsi rétt núna, þá hefði sér flogið í hjarta, að segja Miss Edward frá því, af því hún væri ein af ungu stúlkunum í söfnuðinum, og mesti máttarstólpi í kyrkjumálefnum. Hann kvaðst eigi þekkja þennan manngarm, eða hvað svo sem hann væri, en kvaðst vona að þó hann hefði nefnt í ógáti Arnfinnsson og Láru Eysteinsdóttur, í staðinn fyrir Grím Finnsson og Lárentíu Eyvindsdóttur, þá gæti það ekki raskað hugarþeli sinnar

trúföstu og góðu safnaðarstúlku Miss Edward. Um þenna ókunna mann kvaðst hann eigi geta hugsað mikið, því hann væri utan kristilegs félagsskapar og honum ólíklega kunnugur. Hann kvaðst að eins endurtaka þessi góðu gömlu orð, að allir ættu leiðrétting orða sinna og svo kvaðst hann kveðja sína elskulegu safnaðar—heitt-elskuðu systur með handabandi og afsökun. — — —

\*

\*

\*

Fáum mánuðum síðar fylgdi múgur og fjölmenni hinni framliðnu til grafar. Dæmalaust talaði presturinn skemtilega um hina framliðnu. Það var eins og hann hefði aldrei heyrt hennar getið eða jafnvel ekki séð hana. Dáin kom hún kyrkjunnni ekkert—allsendis ekkert við. — Ein óbrigðul lækning er til í þessum heimi, og hún heitir, heitir, heitir hvað? — — *Dauði!* — — —

Þetta litla sögubrot, sem birt hefir í blaðinu Heimir, er all-löng saga, sem eg á í sundurslitnum handritum, og ritaði fyrir fimm árum. Eg ætlaði ekki að láta prenta hana að svo stöddu. Eg hefi svo ótal margt í eigin skápum, sem eg hefi ekki ætlað að gefa sýnilegt á prenti um mína daga. En orsakir eru til alls. Kunningi minn, Björn Pétursson kaupmaður, bað mig einn góðan veðurdag að skrifa eða gefa Heimir eitt-hvað til framsagnar. Mér varð það á, að láta þessa kafla sögunnar birtast í nefndu blaði. Eg veit að lesendurnir snúast eins við þessu sögubroti og þeim liggur næst skoðun og skilningi þeirra. En kunningja minn, Björn Pétursson, bið eg að virða á betri veg viðleitni mína og úrlausn, óskandi þess, að eg geti samið honum fleiri orð en þessi, fyrr en lýkur.

Höfundurinn.



## Nokkur orð um spádóma.

Í Október-blaði Sameiningarinnar er grein, „Hið yfirnáttúrliga undur spádómanna“, eftir skoðkann fyrirlesara og rithöfund, að nafni John Urgubart.

Í grein þessari er tilfærður kafli úr 53. kap. Esajasar spádómsbókar, sem fylgir:

„Hver trúir því sem vér kunngörum? og armleggur drottins, hverjum er hann opinber orðinn? Hann rann upp eins og runnur fyrir hans augliti og sem rótarkvistur úr þeirri jörð. Á honum var engin fegurð, ekkert glæsilegt, er oss gæfi á að líta, ekkert álitlegt, að oss findist til. Hann var fyrirlitinn og af mönnum yfirgefinn, undirorpinn harmkvælum, auðkendur af sárum, líkur manni þeim, sem menn byrgja fyrir andlit sín, svo fyrirlitinn, að vér metum hann einskis“.

Þessi kafli og kapítulinn, sem hann er tekinn úr, hefir verið álitinn af trúgjörnum guðfræðingum að vera spádómur um Krist, og kveður þessi skoðki höf. þennan kafla svo ljósan, að hann þurfi engrar útskýringar við.

En oss virðast þau „spádóms undur“, er hann bendir á í grein þessari, lítið uppbyggilegri en „skinnkirtla-bollaleggingar hins fræga StórJóhanns, sem nú er að boða löndum vorum sína trú heima, enda verður talsverður andlegur skyldleiki með þessum Skota og klerkinum norska.

Eins og sjá má af ritningarkafli þeim, sem tilfærður er, þá er talað í *líðinni tíð*, og er það nokkuð kynlegt, þegar um *spádóma* er að ræða.

En um hvað er Esajas að tala í þessum kapítula?

Merkir biblíufræðingar hafa þá skoðun, að þessi kapítuli sé alls enginn spádómur um nokkurn Messías eða Jesú Krist, heldur sé þar verið að tala um „hinn sanna Israel, þ, e. a. s. þann hluta Gyðingapjóðarinnar, sem dyggilega varðveitti sína feðratrú í herleiðingunni.

Á undan Esajas voru uppi ýmsir spámenn, en sökum þess hve spádómsbók hans er löng og áhrifamikil, var hún sett fyrst.

Vér viljum benda á nokkur atriði, sem biblíurannsóknir hafa leitt í ljós.

Spádómsbókin, sem ber hans nafn, er ekki eftir einn höfund, og ekki ein samstæð heild. Síðustu 27 kapítularnir voru ritaðir um og eftir babylonisku herleiðinguna, hinir 39 kapítularnir, eða að minsta kosti flestir þeirra, fyrir þann atburð. Jafnvel í þessum 39 kapítulum eru ýmsar innskotsgreinar,—11. kapítulinn er kvæði, sem er sett inn af einhverjum öðrum en Esajasi.

Í 14. kap. 20. er spádómur, sem aldrei hefir ræzt, um „Að Gyðingar myndu hertaka hertakendur sína og gera þá að þrælum sínum og ambáttum, og drottna yfir yfirdrotturum sínum“.. Í 4. v. er bent á, að það sé í Babýlon, sem þeir séu herteknir. En Gyðingar voru aldrei í herleiðing í Babýlon fyr en löngu eftir dauða Esajasar.

Líklegt er að Esajas hafi ritað að mestu leyti til loka 39. kapitula. Þá tekur við annar höfundur (Esajas annar) með byrjun 40. kap. „Huggið. Huggið mitt fólk“, loforð til hinna herteknu og áfellsdómur yfir Babýlon o. s. frv.

Einum spádómi hefir verið mjög haldið á lofti, og heimfærður upp á fæðing Krists af Mattíasi guðspjallamanni, sem gerði sér sérstaklega far um að seilast eftir spádómum úr gamla testamentinu og draga athygli að uppfylling þeirra (þessi guðsspjallamaður virðist rita frá einstrengingslega gyðinglegu sjónarmiði).

Í Mattíasar guðspjalli 1. kap. 22.—23. v. stendur:

„En allt þetta skeði svo rættist það sem drottinn mælti fyrir spámanninn, er svo sagði:

„Sjá, mey mun barnshafandi verða og son fæða, hann munu menn heita láta Emmanúel (það þýðir: Guð með oss“).

Það er næsta „yfirnáttúrligt undur“, að nokkrum skyldi til hugar koma að heimfæra þetta upp á Krist. Það á ekki við hann fremur en keisarann á Kínlandi.—Jesú var aldrei kallaður Emmanúel. Spádómur sá, er höfundur Mattíasar guðspjalls tilfærir stendur í Esajasar spádómsbók 7. kap. 13.--16. v.

Þá sagði hann (Esajas):

„Heyrið þér ættniðjar Davíðs. Nægir yður það ekki að þér ertið mennina, nema þér einnig ertið minn Guð, — Þess vegna mun hinn alvaldi gefa yður teikn sjálfur.

Sjá! mey nokkur mun barnshafandi verða og son fæða, hann mun hún heita láta Emmanúel (Guð með oss).

Skyr og hunang skal hann eta unz hann hefir vit á að hafna hinu illa og útvelja hið góða“.

Hvernig var ástatt þegar þessi spádómur var gefinn og við hvað er átt?

Á ríkisárum Akasar Jotanssonar gerðu þeir Rezin Sýrlands konungur og Peka Israels konungur bandalag með sér móti Akasi og fóru með her á hendur honum. Skaut það Akasi og fólki hans mikinn skelk í bringu, svo sem sjá má á 2. v. „Þá skefdist hjarta hans og þegna hans, eins og þá skógartré skjálfa fyrir vindi“. Nú þegar konungurinn er í þessu ásigkomulagi var Esajas sendur til hans með þau boð, að hann „skuli vera var um sig, en þó ókvíðinn“.

Í 7.—9. v. stendur þetta:

„Svo segir drottinn hinn alvaldi: Það skal ekki takast og ekkert þar af verða.

Damaskus borg skal vera höfuðborg Sýrlands og Rezin skal vera höfuðsmaður Damaskusborgar, en áður en liðin eru 65 ár, skal Efraimsríki sundrast og ekki lengur vera þjóð fyrir sig. Samaría skal vera höfuðborg Efraims ættar og Remaluson höfuðsmaður Samaría.

Ef þér trúið mér ekki, þá munuð þér ekki fá staðist“.

Þannig kemur það þá í ljós, að Esajas er als ekki að tala um nokkurn Messías, heldur um þessi samtök konunganna til að yfirvinna ríki Akasar, og hann segir konunginum, að innan 65 ára muni Efraims þjóð eyðileggjast, og leggur að honum að trúa sér. Síðan stingur hann upp á því, að Akas biðji um teikn, hvort sem hann heldur kjósi „úr djúpinu eða ofan frá hæðum“.

Þessu neitar konungurinn, vildi ekki kasta skugga á trú sína með því, að biðja um teikn. Þá segir Esajas.

„Heyrið þér ættniðjar Davíðs, nægir yður það ekki að þér ertið mennina, nema þér einnig ertið minn Guð?

Þess vegna mun hinn alvaldi gefa yður teikn sjálfur. Sjá! mey mun barnshafandi verða og son fæða. Þann mun hún heita láta Emmanúel (Guð með oss).

Skyr og hunang mun hann eta unz hann hefir vit á að hafna hinu illa og útvelja hið góða.

Enn áður enn sveinninn hefir lært að hafna hinu illa og útvelja hið góða, skal land það, hvers tvo konunga þú hræðist nú, verða í eyði lagt“.

Þessi spádómur er sannarlega ákveðinn. Áður en 65 ár voru liðin, átti Efraimsríki að sundrast.

Merkið um það að Akas skyldi sigrá óvini sína, var það, að „mey átti að verða barnshafandi, sem var mjög svo dásamlega vel til fundið, „yfirnáttúrlegt undur“. En því viljum vér mjög eindregið halda fram, að barn sem fædist (þó aldrei nema af meyju) 700 árum síðar, uppfyllir als ekki þennan spádóm. Og hefði það ekki verið „Insult, humbug og nonsense“ af Esajasi, að leitast við að fullvissa Akas konung um að hann myndi sigrá óvini sína, með því að bjóða honum teikn því til sönnunar, þannig, að 700 árum eftir að konungurinn væri dauður myndi *mey son fæða?*

Og að áður enn hann hefði vit á að velja hið góða og hafna hinu illa myndi Akas losast úr þeim kröggum og vandræðum, sem þá þrengdu að honum?

Réttari útlegging á þessum ritningarstað mun vera:

„Sjá! kona er barnshafandi“ o. s. frv. En konan mun verið hafa Mrs. Esajas.

En hvernig sem lítið er á, er spádómurinn marklaus. Akas konungur fór í stríð að boði Esjasar og tapaði öllu. Frásögnin um það stendur í 2. Kronikubók 28. kap. „Tvitugur var Akas þá hann varð konungur og 16 ár ríkti hann í Jerúsalem, — — — þá gaf drottinn hans Guð hann í hönd konungsins af Sýrlandi og þeir unnu hann og tóku marga af mönnum hans og fóru með þá til Damaskus, og líka á hönd Ísraels konungs var hann gefinn og hann olli honum mikils mannfalls,

og Peka sonur Remalia drap í Júða hundrað og tuttugu þúsund á einum degi, alt vopnfæra menn, af því þeir yfirgáfu drottinn guð sinna feðra“.

Höfundur Mattíasar guðspjalls virðist hafa hraparlega mislukkast við þennan fyrsta spádóm, sem hann reynir að heimfæra upp á Krist.

En hvernig fer svo með þann næsta.

Í 2. kap. 5. og 6. v. er sagt frá tali Herodesar við vitringana.

„Þeir sögðu honum. Í Betlehem í Júdea. Því þannig hefir spámaðurinn skrifað.

„Þú Betlehem í Judea ert engan veginn hin minsta meðal merkis borga, því frá þér mun koma höfðingi, er ráða skal fyrir mínum lýð Ísrael“.

Getur vel verið að vitringarnir hafi sagt Herodes þetta, sem að framan er greint, en ekki virðast þeir þá hafa borið nafn með rentu.

Áður en vér snúum oss að spádómunum, sem þessi höf. hélt að hann væri að fara með, vildum vér benda á það, að stjórnur höfðu boðað fæðingu guðs og mikilmenna löngu fyrir fæðing Krists, og að drjúgum minna þótti koma til þeirra guða, sem fæddust án þess að þvílík „yfirnáttúrleg undur“ boðaði komu þeirra í þennan heim.

Stjórnur höfðu boðað fæðingu egypska guðsins Horas, einnig Sarapastra og Buddha og fleiri á undan Kristi, og Mahomed eftir Krist.

Á 2. öld kristinnar, þegar ákveðið var að hefja hann upp í guða tölu, þótti vel við eiga að koma þessari undursamlegu stjörnu að. Að eins í þessari einu bók ritningarinnar er minnst á stjörnuna, en spáðómurinn, sem höf. guðspjallsins átti við, er í 5. kap. 2.—6. v. spádómsbókar Mikka.

„Og þú Betlehem í Efrata-héraði, þó þú sért of lítil til þess að teljast meðal höfuðátta borga Judaríkis, þá skal þó frá þér útganga sá sem vera skal yfirhöfðingi Ísraelsmanna. Hans uppruni skal vera frá aldaðli, í frá dögum eilífðarinnar. Að sönnu mun guð láta þá vera í hershöndum alt til þessa tíma, er



sú hefir fætt er fæða skal, en þá skulu hinir aðrir bræður hans aftur koma til Ísraels niðja.

Hann skal standa og gæta sinnar hjarðar í nafni drottins. Í hátign drottins síns guðs, og þeir skulu óhultir búa, því nú skal hans veldi ná alt til endimarka landsins.

Hann skal vera friðarhöfundur. Þó Assýríu konungur fari inn í land vort og vaði inn í vor virki, þá skulum vér kveðja upp 7 sauðahirða og 8 herforingja (prinsa) móti honum. Þeir skulu fara herskildi yfir land Assýríu konungs og yfir Nimrodsland, alt að borgarhliðum þess. Þannig skal hann frelsa oss frá Assýrfu konungi, ef hann fer inn í land vort, og stígur inn fyrir vor landamerki“.

Er þetta heimfæranlegt upp á Jesú? Ríkti hann yfir fólkinu?

Assýríumenn gerðu árás og lögðu landið í eyði um það leyti, sem spádómurinn var fluttur, en voru Assýríumenn nokkuð að ógna eða áreita Gyðinga á dögum Krists? Drottnuðu ekki Rómverjar jöfnum höndum yfir þeim og Gyðingum?

Frelsaði Jesús landið úr klóm Assýríumanna eða nokkurra annara?

Hverjir voru hinir 7 sauðahirðar og 8 herforingjar?

Lagði Jesús land Assýríumanna í eyði?

Hið eina sem að Jesús gat átt í þessum spádómi var það, að hann var fæddur í Betlehem. En hann gat alt að einu heimfært það upp á alla aðra, sem þar voru fæddir.

## H a m i n g j a .

Smásaga eftir

GUY DE MAUPASSANT.

Það átti að fara að kveikja á lampanum og drekka teið. Úi lystigarðinum sást út á sjóinn, Sólin var gengin undir. Yfir himininn sló fögrum kvöldroða, líkt og stráð væri á hann gulldupti. Miðjarðarhafið var spegilslétt, sást ekki á því nokk-

ur bára eða ýfing og, endurspeglaði það hinn deyjandi dag. Í fjarlægðinni var það líkast að sjá sem afarstór gljáandi málmplata. — Langt burtu í vestrinu, þar sem purpuralitur kvöldroðans var bleikari, gnæfðu fjöllin klettótt og hrikaleg. — Við töluðum um ást, — þetta gamla umtalsefni, endurtókum það sama er við höfðum svo oft áður sagt. Hin mildu, þunglýndislegu litbrigði húmsins höfðu ljúfleg og friðandi áhrif á samræðuna, er gekk seinlega. Alt hjálpaði til að leiða fram ástarorð, ýmist töluð með sterkri karlmannsraust eða í hljómpýðum kvenmannsróm. Þau orð fyltu hina litlu stofu og flugu þar um eins og litill fugl eða liðu sem andi.

„Getur nokkuð elskað svo árum skifti?“

„Já“, sögðu nokkrir. „Nei“, svöruðu hinir.

Við leiddum í ljós ólíkustu tilviljanir og ýmist rökræddum eða staðhæfðum með dómum. Allir, menn og konur, fyltust hálfgleymdum viðkvæmum endurminningum, sem ekki var hægt að koma orðum að, en langaði þó til að brjótast fram af vörum þeirra. Menn töluðu með viðkvæmni og áhuga um þessa sterku sameiginlegu tilfinningu, þennan óskiljanlega innilega samhug, er á sér stað milli tveggja persóna. — Allt í einu hrópaði maður, er lengi hafði horft út á hafið. „Hvað er þetta? Lítið á!“ Rétt við sjóndeildarhringinn sáum við óskýrt gráleita þyrping rísa upp úr hafinu. Kvennfólkið var staðið upp af stólunum og starði á þessa undarlegu sjón, sem það skildi ekkert í og hafði aldrei séð neitt henni líkt fyr.

„Þetta er Korsíka“, sagði einhver í hópnum. „Maður sér hana þannig tvisvar eða þrisvar á ári undir vissum sjaldgæfum áhrifum loftþyngdarinnar, þegar loftið er alheiðríkt, en ekki þrungnið af hinni suddafullu hafþoku, sem byrgir fyrir alt útsýni“. —

Við gátum óljóst greint sundur fjallahryggina og sáum að eins glóra í snjóinn á tindunum. Allir voru undrandi, órólegir og hálfhræddir yfir þessari óvæntu skyndilegu sýn af öðru landi, er reis líkt og vofa upp af hafinu. Má vera að einhver þvítík sjón hafi borið fyrir augu Kolumbusar og annara, er farið hafa af stað til að kanna óþekt höf.

Gamall heldri maður, sem alt til þessa hafði engan þátt tekið í samtalinu, sagði nú: „Heyrið þið. Eg þekki þessa eyju, sem við sjáum hér fram undan okkur, og það litur út fyrir, að hún ætli með návist sinni að sannfæra okkur um það, sem við efuðum fyrir lítilli stundu, og hún hefir kallað fram í huga mínum merkilegar endurminningar. Eg segi ykkur satt, Eg þekki hrifandi dæmi viðvikjandi ást, er var sönn ást, og svo ósannngjarnt sem það kann að sýnast, var hamingjusöm ást. Hlustið á. Fyrir fimm árum ferðaðist eg til Korsíku, Þessi óþekta eyja er lengra frá okkur en Ameríka, þótt við stundum sjáum hana frá ströndum Frakklands, eins og t. d. í dag.

Hugsið ykkur land, sem er að skapast. Hugsið ykkur ógurlega stórvaxin fjallaklungur, sem klofin eru sundur af djúpum þröngum gjám, sem freyðandi vatnið streymir niður eftir. Hvergi er slétta, en risavaxnar graníthæðir og milli þeirra stórar, djúpar lægðir, þéttvaxnar með hrísrunnum eða stórvöxnum skógi af kastaníutrjám eða furu. Þetta er land, sem er óræktað og eyðilegt, þrátt fyrir það sér maður á strjálíngi sveita þorp, sem er líkast steinahrúgu ofan á kletti; þar er engin mentun, iðnaður eða ræktun, engin list. Þar rekur maður sig hvergi á útskorin spítukubb eða mola úr úthögnum steini, ekki á nokkurn hlut, sem beri vitni um að forfeður þess fólks, sem nú lifir þar, hafi haft hinn minsta snert af fegurðartilfinningu fyrir hlutum, sem krefjast fegurðar og hagleiks, það er þetta sem mest ber á í þessu arfgenga kæríngarleysi í leitinni eftir hinni fögru mynd, sem kölluð er list. Á Ítalíu er alstaðar fult af listaverkum,— og landið sjálft er listaverk,— þar sem marmari, tré, bronze, járn, málmar og gimsteinar vitna um hugvit og list mannsins. Maður kemur þar ekki svo inn í hús, að ekki sjáist hér og þar gamlir hlutir, sem bera vott um hina mestu list og næma fegurðar tilfinningu. Okkur finst Ítalía vera heilagt land, sem við elskum vegna þess að það sýnir oss og sannfærir um hina stórfengilegu baráttu, þrek og sigur hins skapandi hugmyndaafis.

Augliti til auglitis beint á móti Ítalíu heldur hin eyðilega Korsíka áfram að vera alt að einu eins og á sínum fyrstu dög-

um. Menn búa þar í óvönduðum og illa þiljuðum húsum, er nákvæmlega sama um alt, sem ekki snertir líkamlegt lífsuppeldi þeirra. Korsíkumaðurinn hefir óskert hið vilta eðli enn, bæði hvað snertir dygðir og lesti. Hann er drottnunargjarn, illkvittinn og kvíðir engu komandi, en hann er líka gestrisinn, gjöfull og vinveittur ferðamönnum, sem eru honum að einhverju leyti geðþekkir, og veitir þeim hinn trúasta vinskap og fylgi fyrir hvað lítið gott, er þeir hafa sýnt.

Þannig hefi eg ferðast mánaðar tíma um þessa mikilfenglegu eyju, með þeirri tilfinningu að vera við heimsendann. Það voru engin matsölu- eða gistihús, engir vegir. Við urðum að fara eftir múldýratróðningum, sem hanga utan í fjallshlíðunum og fyrir neðan er botnlaust hyldýpi; berst þaðan niður fossanna—hinir djúpu þunglyndislegu og einmanalegu tónar. Þegar komið er til þorpsins, ber maður að dyrum og biður um gistingu og mat. Maður sezt að fátæklegu borði og sefur undir fátæklegu þaki. Að morgni kveður ferðamaðurinn gestgjafann með handabandi, er fylgir honum að útjadhri bæjarins,

Kveld eitt, eftir að eg hafði verið á ferð 10 kl. tíma, kom eg að litlum kofa, sem stóð einn út af fyrir sig í þröngu dalsmynni. Hinar bröttu fjallahlíðar, sem voru vaxnar kjarri og stærri skógi, sem stórgrýtið stakk fram úr hér og þar, mynduðu tvo skuggalega veggj utan um þessa litlu dalskoru.

Kringum kofann var vínviður og dálítið lengra burtu nokkur stór kastaníutré. Þetta var nóg til að lifa af og í raun og veru heilmikil auðæfi í þessu fátæka landi.— Konan, sem tók á móti mér, var öldruð, en mjög almennileg í framkomu. Maðurinn sem sat á tágastól, stóð upp og heilsaði mér og settist strax aftur, án þess að segja nokkurt orð.

„Afsakið“, mælti kona hans, „hann er nú orðinn heyrnarlaus. Hann hefir tvo um átrætt“. Hún talaði eins fallega frönsku og tíðkast á Frakklandi. Eg varð forviða.

„Þér eruð þó ekki uppalin á Korsíku?“ spurði eg.

„Nei“, svaraði hún. „Við erum frá meginlandinu. En nú erum við búin að dvelja hér í fimtíu ár“.

Það setti að mér megnan óhug, er eg hugsaði til þessara

fímtíu ára dvalar í þessu skúmaskoti, langt frá allri manna-bygð. Aldraður sauðamaður kom nú heim, og við íórum að eta kvöldmatinn, — þykka súpu af jarðeplum, feitmeti og kálmeti. Að lokinni máltíð gekk eg út og settist undir kofavegginn dapur í huga vegna drungans, sem hvíldi yfir þessu eyðilega landslagi, kvalinn af þeirri tilfinningu, sem stundum grípur ferðamanninn á vissum stöðum, þegar alt sýnist nálgast sín endalok, og hann setur sér fyrir sjónir eynd mannkynsins, tvístrun einstaklinganna, lítifjörleika allra hluta, og einstæðingsskap mannsandans, sem gabbar sjálfan sig og elur á draumum alt til daganna enda.

Gamla konan kom á eftir mér og tók mig tali. „Komið þér frá Frakklandi?“ spurði hún, kvalin af forvitninni, sem ætíð liggur á botninum, jafnvel hjá alyfirgefnum sálum.

„Já, eg er að ferðast mér til skemtunar“.

„Þér eruð ef til vill frá París?“

„Nei, eg kom frá Nancey“. Mér fanst hún verða ákaflega hrærð. Eg veit ekki hvernig eg sá eða, réttara sagt, fann það.

Hún endurtók eins og við sjálfa sig: „Og þér eruð frá Nancey?“

Maðurinn kom út í dyrnar, óhreyfanlegur, eins og heyrnarleysingjar eru vanir að vera.

„Það gerir engan mismun“, tók hún til máls. „Hann getur ekkert heyrt“. Svo bætti hún við eftir fáein augnablik: „Þér þekkið þá fólk í Nancey?“

„Já, nærri hvert mannsbarn“.

„Þekkið þér þá Sainte Allaise fólkið?“

„Já, mjög vel. Það voru vinir föður míns“.

„Hvað heitið þér?“

Eg sagði til nafns míns. Hún starði fast á mig og sagði lágt, eins og þegar maður er að rifja eitthvað upp fyrir sér.

„Já, já, eg man það vel. Og Brisemare-fólkið; hvað er orðið af því?“

„Það er alt dáíð“.

„Og Sirmonts-fólkið, þekkið þér það?“

„Já, síðasti maðurinn í þeirri ætt er hershöfðingi“.

Svo sagði hún, skjálfandi af geðshræringu, sársauka og eg veit ekki hvað margskonar tilfinningum og hve sterkri löngun til að úthella sér, að segja alt, tala um þá hluti, sem hún til þessa hafði lokað inni í hjarta sínu, og löngun til að tala um þetta fólk, sem að eins þurfti að nefna til þess að vekja henni þessar geðshræringar.

„Já, Henry frá Sirmont, eg þekki hann vel; hann er bróðir minn“. Eg horfði undrandi á hana. Alt í einu rifjaðist upp fyrir mér saga hennar.

Það hafði einu sinni valdið stórhneyksli meðal aðalsins í Lothringen, að Súsanna frá Sirmont, sem var ung, fögur og rík, strauk burtu með undirforingja í herdeild þeirri, er faðir hennar réði fyrir. Hann var bóndason, fríður og hraustlegur og bar sig vel í bláa hermannabúningnum sínum, enda náði hann fljótt ástum hershöfðingjadótturinnar, þegar hún horfði á heræfingarnar. En hvernig þau höfðu getað fundist og talast við, og hvernig hún þorði að láta hann vita að hún elskaði hann, það hefir aldrei komist upp.

Engan grunaði neitt, en nótt eina, er varðtími hans var á enda, hurfu þau bæði. Ættingjar hennar leituðu hennar, en árangurslaust, það fréttist ekkert til hennar, og allir hugðu hana dauða.

En þarna fann eg hana í þessum eyðilega dal.

Svo tók eg til orða: „Eg man vel eftir því, þér eruð Súsanna frá Sirmont“.

Hún hneigði sig til samþykkis. Tárin runnu niður kinnar hennar, er hún leit til gamla mannsins, er stóð hreyfingarlaus á þrepskildinum í kofanum sínum, og sagði; „Þetta er hann“. Eg sá að hún elskaði hann enn þá eins innilega og áður.

„Þér hafið verið hamingjusamar?“ spurði eg.

„Já, hann hann hefir gjört mig mjög hamingjusama, og eg hefi aldrei yðrast þess“, sagði hún með rödd, sem kom frá hjartanu.

Undrandi og hnugginn starði eg á hana; hugfanginn af hinu konunglega valdi ástarinnar. Þessi unga efnaða hefðarmær hafði fylgst með þessum manni, bóndanum. Hún hafði

sjálf gjörst bóndakona. Hún bjó sér þessar kringumstæður, skemtanalausar, án als munaðar og þæginda. Hún hafði bakað sér sjálf erfiðra kjara.—Og hún elskaði hann enn þá. Hún var orðin fátæklings kona, með húfu og í ullarskyrtu. Nú sat hún í reyrstól við plankaborð og neytti súpu úr jarðeplum, káli og feitmeti, og svaf á heydýnu við hlið hans.

Hún hafði aldrei hugsað um annað en hann. Aldrei sagnað gimsteinanna sinna, skrautbúninganna, glaums eða gleði samkvæmanna, ilmloftsins í skrautbúnum herbergjum, né mýkinda dúnsængurinnar, sem líkami manna sekkur ofan í til hvíldar. Hún hafði aldrei óskað sér annars en að dvelja hjá honum; væri hann hjá henni, krafðist hún einkis frekara.

Á unga aldri yfirgaf hún lífsglauminn og heiminn og þá, sem höfðu alið hana upp og elskað. Alein var hún komin með honum inn í þenna eyðidal. Og hann hafði verið henni allt,—uppfylling óska hennar og drauma, allra vonanna hennar og óslökkvandi þrár. Hann hafði stráð æfibraut hennar hamingju og lífssælu frá upphafi til enda.

Hún hefði ekki getað verið hamingjusamari.

Og alla nóttina, meðan eg hlustaði á hinn hása andardrátt gamla hermansins, sem hvíldi í rúmi sínu við hlið hennar, er búin var að fylgja honum svo langan veg,—hugsaði eg um þetta markverða og einfalda atvik, um þeirra fullkomnu hamingjusemi, bygða á svo fátæklegum lífskjörum.

Og um morguniun fór eg þaðan, og tók að skilnaði í hendur gömlu hjónanna með þakklæti fyrir gistinguna.“

Sögumaðurinn þagnaði. En kona ein tók til máls:

„En hvað sem öðru líður, þá hefir hún haft hugsjónir, sem of hægt var að fullnægja, of barnalegar kröfur til lífsins, og of fátæklegar eftirlanganir. Hún hlýtur blátt áfram að hafa verið flón!“

Önnur hvíslaði í hálfum hljóðum: „Hvað kemur það málinu við? Hún var hamingjusöm“. — — —

Og út við sjóndeildarhringinn var Korsíka hægt og hægt að hverfa inn í næturhúmið og ofan í bylgjurnar aftur.

Skuggamynd hennar var að smámást út. Hún birtist sjónum okkar til þess, ef svo mætti að orði komast, að segja oss með eigin orðum söguna af þessum tveimur nægjusömu elskendum, sem leituðu sér hælís í skauti hennar. — — —

Þýðing eftir Mrs. G. J.

Greinin um „Spádóma“ og þýdda ritg. „Jerúsalem“ eru aðsendar báðar. Ritdómurinn um „Pyrna“ var tekinn fyrir annara tilmæli, en eigi að síður hugsar Heimir sér að geta ljóðmæla Þorst. sjálfur áður langt um líður.

**E**INS OG kaupendur hafa orðið varir, hefir blað vort ekki ávalt komið út jafn stöðugt og til var ætlast í fyrstu. Það hafa þegar verið teknar fram ástæðurnar fyrir því á sérstöku prentuðu blaði, er fylgdi síðasta númeri. En það hafa útgefendur hugsað sér, að árgangurinn skuli allur verða útkominn um næstu áramót.

Það verður því töluvert fé, sem Heimir á útstandandi hjá vinum og kaupendum sínum, um það að nýárið kemur. — Til þess að geta innt öll skil af hendi við kaupendur, hefir allmiklu verið til kostað. Það er því ósk vor og von, að sem flestir sýni sömu skil. Munið eftir, að fyrir jólin er hentugur tími að borga og fyrir jólin koma skildingarnir sér vel. — Jólanúmerið verður vandað, tvöfalt að stærð og með myndum.

Nýir kaupendur að næsta árgangi fá það frítt, ef borgað er fyrirfram. Hjálpið oss til þess að útbreiða Heimir, að innheimta fyrir hann, að gjöra hann vel úr garði, afla honum vinsælda. Sendið honum stuttar og vel samdar ritgjörðir um áhugamál yðar. Gjörið hann að yðar blaði. Frelsið og sannleikurinn sigra, óttist ekki að fylla flokk þess. Hvorttveggja á það skilið. Það hvorttveggja er undirstaða mannskapar og drenglyndis. —

**HEIMIR** er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árg. -- Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 704 Simcoe Street. Ritstjóri sra Ragnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.